

**Halla Kjartansdóttir:**

**Kennsluleiðbeiningar**

**við**

# **Stjörnurnar í Konstantínópel**

**Sýnisbók íslenskra smásagna frá 1847-1997**

**Mál og menning  
1999**

## Fáein orð til kennara

Í um það bil tvo áratugi hafa þrjú smásagnasöfn verið kennd í framhaldsskólum landsins við góðan orðstír; *Í fáum dráttum*, sem fyrst kom út árið 1979, *Kóngaliljur* frá árinu 1985 og *Napóleon Bónaparti* sem kom út árið 1987. Því kann sú spurning að vakna hvers vegna ráðist er í að gefa út nýtt smásagnasafn fyrir framhaldsskóla. Hvað hafa *Stjörnurnar í Konstantínópel* framyfir hin söfnin? Kemur þetta safn betur til mótis við þarfir nýrrar kynslóðar nemenda, breytt þjóðfélag og annars konar skóla?

Hugmyndin að *Stjörnunum í Konstantínópel* (1998) kviknaði þegar ég var að kenna *Napóleon Bónaparti* í 4. bekk Menntaskólans við Sund á vorönn 1996, á sama tíma og nemendur voru að lesa bókmenntasögu 19. og 20. aldar og flækjast í bókmenntahugtökum á borð við föflu, sjónarhorn, þema o.s.frv. Og þar sem sögurnar í *Napóleon* spegluðu ágætlega fjölbreytilegt form og frásagnartækni smásögunnar hentaði safnið vel í þeim tilgangi að kenna nemendum bókmenntagreiningu með aðferðum nýrýninnar og gera þau meðvituð um mismunandi frásagnartækni. Safnið *Í fáum dráttum* hentaði raunar ágætlega í þeim tilgangi einnig, enda gefið út þegar nýrýnin var í hátísku innan bókmenntafræðanna. Það kemur líka í ljós þegar formálar þessara tveggja smásagnasafna eru skoðaðir að markmið ritstjóranna var í rauninni það sama - að spegla fjölbreytilegt form smásögunnar. Njörður P. Njarðvík tekur fram að val sagnanna í *Í fáum dráttum* hafi ekki verið ætlað að sýna þróun í íslenskri smásagnagerð heldur fremur að spegla fjölbreytileika þessarar sérstöku bókmenntagreinar. Og Guðmundur Andri Thorsson tekur fram að sögurnar í *Napóleon Bónaparti* gefi ekki bókmenntasögulegt yfirlit og séu engan veginn dæmigerðar fyrir tímabil eða stefnur. Munurinn á þessum tveimur söfnum er í rauninni sá að eldra safnið er nútímalegra þar sem engin saga er eldri en frá 1930. Vafalaust hefur þetta verið til að bregðast við þeirri fortíðarslagsíðu sem lengi hafði verið í bókmenntakennslu framhaldsskólanna. Í *Napóleon Bónaparti* er farið aftur til Gests Pálssonar enda þótt flestar sögurnar í safninu séu frá áratugnum 1940-50.

Þeir höfundar sem eiga sögur í *Stjörnunum í Konstantínópel*, *Napóleon Bónaparti* og *Í fáum dráttum* eru þrír; Halldór Laxness, Halldór Stefánsson og Ólafur Jóhann Sigurðsson og er það auðvitað engin tilviljun, annars vegar Nóbelskaldið og hins vegar þeir tveir íslenskir rithöfundar sem lögðu hvað mesta rækt við smásagnaformið. Í safninu *Í fáum dráttum* eru þrír höfundar til viðbótar þeir sömu og í *Stjörnunum*, módernistarnir Ásta Sigurðardóttir, Guðbergur Bergsson og Svava Jakobsdóttir en allir þessir höfundar áttu sögur í *Kóngaliljum* enda geymir það safn sögur frá árunum 1960-1985. Ekkert þessara safna geymir þó sömu sögurnar enda meðvitað reynt að sneiða hjá því í vali sagnanna í *Stjörnunum í Konstantínópel*. Frá þessu er þó ein undantekning en það er Saga Svövu Jakobsdóttur, *Kona með spegil*, sem einnig var í *Kóngaliljum*. Í *Stjörnunum í Konstantínópel* eru hins vegar höfundar sem hafa aldrei áður verið í slíkum söfnum; Sjón, Kristín Ómarsdóttir, Einar Kárason og Gyrðir Elíasson.

Það er deginum ljósara að hvorugt eldri safnanna hentaði til að spegla bókmenntasögu 19. og 20. aldar eða sýna þróun í íslenskri sagnalist frá rómantík til nútímans. Og ég saknaði þess, þegar ég kenndi bókmenntasögu í 4. bekk, að geta ekki vísað í ákveðnar sögur eða sagnahöfunda til að sýna einkenni ákveðinna tímabila. Í þeim tilgangi voru ljóðin hins vegar nánast ofnotuð á kostnað ljóðgreiningar og bragfræði. Þau voru notuð sem dæmi um rómantík, nýrómantík eða módernisma og

höfundarnir settir í ákveðna flokka eftir því hvaða bókmenntastefnu þeir tilheyrðu meðan sagnahöfundar röðuðu sér í fremur sundurlausan og illa skipulagðan flokk og nemendur fengu ekki tækifæri til að kynnast þeim mjög náið.

Og þar með er réttlætningin á útgáfu *Stjarnanna í Konstantínópel* komin. Safnið hefur það meginmarkmið, sem hin söfnin höfðu ekki, að spegla bókmenntasöguna. Þess vegna fékk safnið þennan virðulega undirtitel: „Sýnisbók íslenskra smásagna frá 1847-1997“. En þó að yfirmarkmiðið hafi verið að sögurnar gæfu sýnishorn mismunandi bókmenntastefna var undirmarkmiðið það að sögurnar væru „kennsluvænar“ og gætu auðveldlega vakið umræðu meðal nemenda, ýmist um þjóðfélagsleg efni, siðferðisleg eða tilfinningaleg. Ég valdi því sögur um mannleg samskipti og tilfinningar vegna þess að ég trúi því að slíkar sögur hreyfi við nemendum og geti jafnvel stuðlað að umburðarlyndi, mannskilningi, hæfni í samskiptum og auknum tilfinningaþroska. Ég valdi ennfremur sögur sem gætu hugsanlega speglað hver aðra, geymdu ýmist hliðstæður eða andstæður sem gaman væri að bera saman eða hefðu einhver sameiginleg minni. Einnig valdi ég sögur sem hefðu samfélagslega skírskotun og gæfu mynd af mannlífi og samfélagi á fyrri tíð. Sögurnar í safninu ættu því að bjóða upp á ýmis þverfagleg verkefni í tengslum við félagsfræði og sögu þar sem safnið endurspeglar vel þróun í íslenskum samfélagsháttum í hálfu aðra öld.

Ein erfiðasta hindrunin sem mætir kennara í starfi er að fá nemendur til að lesa heima. Þess vegna eru skjótlestin ljóð auðvitað meðfærilegt kennsluefni. Og þó að ýmsir nemendur súpi hveljur yfir 10 bls. smásögu eru þó meiri líkur til þess að þeir lesi hana á einu bretti en 300 bls. skáldsögu. Smæðar sinnar vegna eru smásögur því einstaklega heppilegt kennsluefni og nemendur fara létt með að lesa eina sögu fyrir svefninn. Sögurnar búa líka yfir fjölbreytni í stíl og efnistöfum sem gaman er að láta nemendur uppgötva. Sumar eru smækkuð útgáfa af skáldsögu, sumar líkjast kvikmyndahandriti og sumar eru eins og ljóð. Smásöguformið er í stöðugri þróun eins og til dæmis örsögur Kristínar Ómarsdóttur og sögur Gyrðis Eliassonar vitna um. Kennarar geta dvalið við hverja sögu með nemendum sínum og þegar þær eru margar saman í safni er kjörið að láta nemendur bera þær saman hver við aðra til að átta sig á sameiginlegum eða sundurgreinandi þáttum. Hægt er að staldra við að skilgreina listfengi þeirra, stíl, frásagnartækni og samfélagsmynd og reyna að átta sig almennt á höfundareinkennum. Smásögur geta einnig verið vel til þess fallnar að vekja forvitni nemenda og löngun í nánari kynni við verk viðkomandi höfundar. Draumur hvers kennara hlýtur að vera að vekja slíkan áhuga meðal nemenda sinna.

Við eigum að setja okkur háleit markmið í bókmenntakennslu og nýta okkur þá óþrjótandi möguleika sem smásagan býður upp á þar sem hver saga er heill heimur út af fyrir sig. Flestar sögurnar í safninu eru margræðar og bjóða upp á ýmsa túlkunarmöguleika. Þær má greina með aðferðum nýrýnnar en einnig er kjörið að nota þær til að varpa ljósi á hugmyndaheim og samtíð höfundanna. Sú mynd af bókmenntasögunni sem safnið bregður ljósi á er að þróunin hafi verið hægfare framman af þar sem raunsæisstefnan er ríkjandi lengi vel en hins vegar verða glögg skil við innreið móðernismans á 6. og 7. áratugnum. Þá leysist söguþráðurinn upp, formið verður knappara og táknsæið verður ríkjandi í sögunum. Það kemur hins vegar í ljós að höfundar 8., 9. og 10. áratugarins eru aftur farnir að sækja hugmyndir og aðferðir í hefðina. Safnið staðfestir því lögmálið um hringgang bókmenntasögunnar, því sé yngsta sagan í safninu, saga Gyrðis Eliassonar, borin saman við þá elstu koma sláandi hliðstæður í ljós þar sem náttúran, sagan og fortíðin er aftur farin að knýja dyra.

Halla Kjartansdóttir

## Höfundar og útgáfur:

1. Jónas Hallgrímsson: **Grasaferð** (*Ritverk Jónasar Hallgrímssonar, I. bindi*, 1989)
2. Einar H. Kvaran: **Vonir** (*Einar H. Kvaran, Ritsafn, I. bindi*, 1968)
3. Einar Benediktsson: **Valshreiðrið** (*Kvæði og sögur*, 1897)
4. Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum: **Móðir snillingsins** (*Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum, Ritsafn*, 1945)
5. Halldór Laxness: **Ósigur ítalska loftflotans í Reykjavík 1933** (*Sjö töframenn*, 1942)
6. Ólafur Jóhann Sigurðsson: **Stjörnurnar í Konstantínópel** (*Kvistir í altarinu*, 1942)
7. Halldór Stefánsson: **Sori í bráðinu** (*Sögur og smáleikrit 1950*, 1950)
8. Ásta Sigurðardóttir: **Í hvaða vagni** (*Sunnudagskvöld til mánudagsmorguns*, 1961)
9. Svava Jakobsdóttir: **Kona með spegil** (*Veisla undir grjóttvegg*, 1967)
10. Guðbergur Bergsson: **Brúðan, Brot úr dögum byltingarinnar í Portúgal árið 1975** (*Maðurinn er myndavél*, 1988)
11. Þórarinn Eldjárn: **Tilbury** (*Ofsögum sagt*, 1981)
12. Einar Káráson: **Glataður sonur** (*Þættir af einkennilegum mönnum*, 1996)
13. Kristín Ómarsdóttir: **Lögregluþjónn** (*Einu sinni sögur*, 1991)
14. Sjón: **Undir vængjum valkyrjunnar** (*Tundurdufl*, erótískar smásögur eftir nokkra íslenska höfunda, 1994)
15. Gyrðir Elíasson: **Frá Snæfellsnesi** (*Vatnsfólkið*, 1997)

## Hugmyndabanki með *Stjörnunum í Konstantínópel*

Hér á eftir eru hugmyndir að ýmsum verkefnum og umræðuefnum sem kennarar geta útfært eftir þörfum. Vísanir í skrif um einstaka höfunda og verk eru engan veginn tæmandi. Eðlilega hefur meira verið skrifað um eldri höfunda en þá yngri. Kennarar geta auðveldlega aflað sér frekari upplýsinga um ritdóma og greinar um einstaka höfunda og verk í gagnagrunnum bókasafna.

### Hvað er smásaga?

Í smásagnasafninu *Í fáum dráttum* koma fram ágætar skilgreiningar á smásögunni. Þær má einfalda með þessum hætti:

1. Saga sem fjallar um einn einstakan eða óvenjulegan atburð (Goethe). (*Sori í bráðinu*)
2. Saga sem fjallar um mannsævi sem birtist í óendanlegum áhrifamætti einnar örlagastundar (Georg Lukács). (*Valshreiðrið*)
3. Saga sem fjallar um eina persónu sem er afhjúpuð á tilteknu augnabliki. (*A Dictionary of Literary Terms* (London 1964)). (*Vonir*)
4. Saga sem er ófullkomin í byggingu og miðlar einni svipmynd eða tilfinningu eins og ljóð. (*Lögregluþjónninn* eða *Frá Snæfellsnesi*)

Í *Hugtökum og heitum í bókmenntafræði* er enn fremur ítarleg skilgreining á smásögunni og þróunarsaga hennar rakin í stórum dráttum.

Eftirfarandi sögu er gaman að segja nemendum til að varpa ljósi á algengt frásagnarbragð í smásögum, hin óvæntu endalok.

### **Hin óvæntu endalok:**

„Hinn óvenjulegi atburður innan smásögunnar var á vissu þróunarskeiði hennar oft tengdur ákveðnu fyrirbæri sem nefna mætti tilviljunina sem ræðst inn í líf manna, eða kaldhæðni orlaganna. Algengt á fyrri hl. 19. aldar og í upphafi þessarar. Frægt dæmi er sagan *Gjafir vitringanna* eftir O’Henry. Þar er sagt frá tveimur bláfátækum elskendum sem eru að reyna að gefa hvort öðru jólagjöf. Konan hefur óvenjulega fagurt sitt hár. Hún lætur skera hár sitt og selur það til þess að geta gefið elskhuga sínum festi við vasaúr hans. Hann selur hins vegar vasaúrið til að gefa henni dýrindis hárkamba.“

(*Í fáum dráttum*, bls. 17)

*Vonir, Sori í bráðinu, Tilbury og Glataður sonur* hafa allar þetta frásagnarbragð.

### **Fyrsta málsgreinin:**

Edgar Allan Poe taldi **fyrstu málsgreinina** mikilvægasta í smásögu: „Ef sjálf fyrsta setningin stuðlar ekki að því að kalla fram þessi áhrif hefir höfundinum fatast fyrsta skrefið ...“ (Sjá nánar formála Kristjáns Karlssonar í safnrítinu *Íslenskar smásögur 1847-1974*, Rvk. 1982-3)

Með þessa skilgreiningu í huga mætti skoða upphöf sagnanna með nemendum og athuga hvort vel hafi tekist til að skapa stemmningu, vekja forvitni lesandans og ná fram þeim áhrifum sem höfundur hefur ætlað sér. Ef til vill hefur Jónasi Hallgrímssyni tekist best upp með orðunum „Systir góð, sérðu það sem ég sé?“

### **Smælingjaminnið:**

Smælingjaminnið er algengt í smásögum og á uppruna sinn í raunsæisstefnunni en hefur fylgt smásögunni allar götur síðan. Sögur raunsæistímans fjölluðu oft um kjör og örlög utangarðsmanna eða þeirra sem voru minni máttar í samfélaginu, börn eða dýr. Margar sagnanna í safninu hafa þetta minni t.d. *Vonir, Móðir snillingsins, Í hvaða vagni*, og ef til vill einnig sögurnar *Lögregluþjónninn, Kona með spegil og Brúðan*.

### **Dýrasögur:**

Dýrasögur hafa einn anga smælingjaminnisins og sögur sem fjölluðu um samskipti manna og dýra eru fyrirferðarmikill flokkur íslenskra smásagna. Þessar sögur voru mjög vinsælar á tímum raunsæisstefnunnar og boðskapur þeirra var að hvetja til mannúðlegrar meðferðar á dýrum. Tímaritið *Dýravínurinn*, sem athafnamaðurinn Tryggvi Gunnarsson var upphafsmaður að, kom út í framhaldi af *Verðanda* en átti sér lengri lífdaga fyrir höndum. Tímaritið kom út á árunum 1885-1916. Í því birtist fjöldinn allur af dýrasögum. Dýrin í sögunum eru gædd mannlegum eiginleikum og eru gjarnan í hlutverki smælingjans sem verður fyrir harðýðgi manna.

*Sori í bráðinu* er sprottin úr þessari hefð enda þótt unnið sé úr efni á nýstárlegan hátt. (Sjá nánar um dýrasögur Björn Teitsson: „Íslenskar dýrasögur frá upphafi raunsæisstefnu til 1915“, *Mimir* nr.16, 1970.)

## Nokkur almenn verkefni sem nota má við allar sögurnar eftir þörfum:

1. Hvaða frásagnaraðferð notar höfundurinn?
2. Hvert er þema sögunnar eða boðskapur?
3. Hvenær gerist sagan og á hvað löngum tíma?
4. Lýtur sagan hefðbundinni byggingu (upphafi - miðju - endi)?
5. Hvaða andstæður er að finna í sögunni?
6. Hvers konar þjóðfélagi lýsir sagan?
7. Hvernig er stíll sögunnar? (Hraður, hægur, myndrænn, talmálsskotinn, útúrdúrasamur, knappur, einfaldur, flókinn, orðmargur o.s.frv.)
8. Hver er fafla sögunnar?

Þessar spurningar er líka gott að hafa sér á blaði og dreifa til nemenda strax í upphafi og minna þá á að hafa þær í huga við lestur sagnanna. Þetta eru líka tilvalin heimaverkefni eða e.k. ritgerðarverkefni að hluta eða í heild.

## Nokkur verkefni sem gætu boðið upp á skapandi og „öðruvísi“ vinnu nemenda:

1. Nemendur velja sér eina sögu til að gera kvikmyndahandrit upp úr. (Nemendur gætu leikið sér með að velja hver (af frægum leikurum) ætti að leika aðalpersónuna, hvaða tegund af músík ætti að vera og hvaða atriði mætti helst klippa út án þess að heildarmyndin raskist.) Þau gætu fyllt inn í söguna, búið til samtöl eða valið myndræna útfærslu efnisins. Hér má leika sér með ýmiss konar nálgun.
2. Nemendur geta leikið sér að því að breyta endinum á einhverri sögunni eða að semja nýja byrjun. Þeir gætu í tengslum við þetta valið bestu byrjunina eða besta endinn og rökstutt val sitt.
3. Stílæfing: Nemendur gætu spreytt sig á einföldum stíl Kristínar Ómarsdóttur og samið einhverja söguna eða brot úr einhverri sögunni upp á nýtt í þeim stíl. T.d. „Einu sinni var lítill drengur sem dreymdi um að verða stór. Hann átti enga mömmu ...“ (*Grasferð*) Eða reynt sig við sérstæðan stíl Gyrðis Eliassonar þar sem andrúmsloft og tilfinning skiptir meira máli en atvik eða persónur. Hvernig yrði t.d. sagan *Tilbury* í dulúðugum stíl Gyrðis Eliassonar? Nemendur gætu ennfremur spreytt sig á hárfinni íroníu Laxness eða seiðandi og myndrænum stíl Ólafs Jóhanns eða Einars H. Kvaran þar sem mikið er lagt upp úr ytri lýsingum.
4. Skoða náttúrulýsingar og veðurfar sagnanna eða nokkurra valinna sagna. Hvernig er náttúrunni lýst? Hvaða árstími og hvaða veður er í sögunum? Skiptir það máli fyrir tilfinningu og andrúmsloft sagnanna? Hvaða höfundar leggja mest upp úr slíkum lýsingum? Hvaða höfundar minnst? Hér geta nemendur gert stutta hlutlæga úttekt og velt því fyrir sér í leiðinni hvaða tilgangi veðurfars- og náttúrulýsingar þjóna.
5. Velja sér sögu til að orðtaka. Skrifa upp öll sérkennileg orð, orð sem þau skilja ekki eða eru hætt að nota. Orðflokkgreina þau og fletta upp í orðabókum til að finna

merkingu þeirra. Hér eru sögurnar sem skrifaðar eru fyrir 1950 sennilega bitastæðastar.

6. „Sálgreina sögurnar“, hvaða tilfinning eða hugarástand er ríkjandi í sögunni? T.d. sorg, gleði, kvíði, eftirvænting, reiði o.s.frv. Er leikið á ýmsa strengi eða er sagan eintóna? Í tengslum við þetta mætti biðja nemendur um að finna eitt lýsingarorð sem þeim finnst lýsa sögunum og áhrifamætti þeirra. Þeir mega einungis nota sama lýsingarorðið einu sinni. (t.d. „Sæt saga“ „andstyggileg saga“ „dularfull saga“ o.s.frv.) Þetta er auðvitað meira gaman en alvara en gæti vakið þau til umhugsunar um að andrúmsloft skiptir oft meira máli en atburðarásin í smásögum.
7. Finna út hvaða andstæður vegast á í sögunum. T.d. sorg - gleði, sársauki - vellíðan, líf - dauði, o.s.frv. Þetta má síðan nota til að átta sig betur á áhrifum og merkingu sögunnar.
8. Nemendur gætu reynt að klippa út klausur, eða málsgreinar sem sýna hvað er dæmigert fyrir frásagnaraðferð og stíl viðkomandi höfundar. Hvað greinir t.d. Laxness, Guðberg Bergsson, Þórarin Eldjárn, Svövu Jakobsdóttur eða Gyrði Eliasson frá t.d. Ólafi Jóhanni Sigurðssyni, Einari H. Kvaran eða Jónasi Hallgrímssyni? Hver er sérstaða hvers og eins? Þetta gætu kennarar líka dundað sér við og jafnvel fundið klausur úr öðrum verkum þessara höfunda til að finna hliðstæður svo nemendur eigi auðveldara með að átta sig á stílbrigðum og höfundareinkennum.
9. Hrollvekjur og áhrif þeirra í sögunum *Sori í bráðinu*, *Tilbury* og *Undir vængjum valkyrjunnar*. Hvað eiga þessar sögur skylt við hrollvekjur á borð við sögurnar af Drakula eða Frankenstein?

**Hópverkefni** sem hægt er að leggja fyrir í einni kennslustund áður en formleg yfirferð hefst. Markmiðið er að nemendur „þefi“ aðeins af sögunum, fletti safninu, skoði myndir og leiti að tilteknum atriðum.

1. hópur: Skoða sögusvið sagnanna, flokka það og greina. T.d. sveit, borg, þorp.
2. hópur: Skoða árstímann í sögunum og hugsanlega veðurfar.
3. hópur: Skoða fyrstu málsgrein sagnanna og velta fyrir sér áhrifum hennar. Hvaða sögur hafa hliðstæða byrjun?
4. hópur: Skoða höfundana. Hvað eru konurnar margar og hvað eru karlarnir margir? Hve margir eru látnir og hve margir á lífi? Hvað voru þeir látnu gamlir þegar þeir dóu? Glugga í kynninguna á höfundunum og finna út hvað höfundarnir voru gamlir þegar þeir skrifuðu sögurnar.
5. hópur: Velja eina mynd til að persónugreina. Hvað má lesa út úr myndinni um persónuleika viðkomandi? Ef vill mættu nemendur taka tvo og bera saman. Nemendur gætu síðan lesið greininguna upp fyrir bekkinn og látið geta upp á hvaða mynd/höfund lýsingin eigi við.

**Spurningaleikur**: Kennari kynnis ýmsar staðreyndir um höfunda og verk. Bekkurinn flettir jafnharðan upp í bókinni og reynir að leita svara. (Einstaklings-, hóp-, eða parakeppni.)



### Um yfirferð:

**Þó að best sé að nemendur hraðlesi smásögurnar í einu lagi í upphafi yfirferðar er líka gott að setja sögurnar fyrir í kippum, t.d. 2-3 sögur saman. Þetta auðveldar yfirsýn og allan samanburð.**

Til þess að fá nemendur til að lesa er auðvitað hægt að útbúa einföld krossa- eða lespróf úr sögunum. Vel mætti prófa í þremur lotum, t.d. úr 5 sögum í einu enda þótt ekki verði farið rækilega í þær fyrir en síðar.

Eðlilegast er að fara yfir sögurnar í þeirri röð sem þær koma fyrir í safninu, þ.e. tímaröð og tengja yfirferðina umræðu um tímabil í bókmenntasögunni. Þetta er þó ekkert nauðsynlegt og mætti vel hugsa sér að fara yfir sögurnar í annarri röð og velja saman sögur sem hafa að geyma efnislegar hliðstæður eða eru mjög ólíkar.

### Sögur sem henta vel til samanburðar vegna ýmissa efnislegra hliðstæðna:

*Grasaferð* ⇔ *Valsheiðrið* ⇔ *Vonir*

*Stjörnnurnar í Konstantínópel* ⇔ *Ósigur ítalska loftflotans*

*Glataður sonur* ⇔ *Móðir snillingsins*

*Móðir snillingsins* ⇔ *Í hvaða vagni.*

*Tilbury* ⇔ *Undir vængjum valkyrjunnar* (*Vonir* og *Valsheiðrið* eiga líka heima hér)

*Kona með spegil* ⇔ *Í hvaða vagni*

*Kona með spegil* ⇔ *Brúðan (1 og 2)*

*Lögregluþjónninn* ⇔ *Brúðan (2)*

*Grasaferð* ⇔ *Frá Snæfellsnesi*

*Sori í bráðinu* er sér á parti og hefur ekki í sér fóligna augljósa efnislega hliðstæðu við hinar sögurnar. Þetta gerir söguna e.t.v. að ennþá meira ögrandi viðfangsefni. Og þegar nánar er að gætt á hún þó sitthvað skylt við *Ósigur ítalska loftflotans* eins og síðar verður bent á.

### Nokkur almenn efni:

Flestar sögurnar spegla eftirtalin atriði sem eru góð ritgerðarefni, prófspurningar eða umræðuefni þar sem nemendur bera saman tiltekna sögur.

- **Einangrun Íslands**
- **Jafnrétti kynjanna**
- **Fátækt og ríkidæmi**
- **Ást og svik**
- **Bæling tilfinninga**
- **Togstreita kynjanna**

- Sterkar konur og veikar
- Sterkir karlmenn og veikir

### Jónas Hallgrímsson (1807-1845)

*Grasaferð* hefur að geyma hjarðrómantíska sveitasælumynd en náttúrulýsingar, óbeislað hugarflug og tilfinninganæmi eru orð sem notuð hafa verið til að skilgreina rómantik í skáldskap. *Grasaferð* er ákaflega margræð saga og kvæðin gefa henni aukna dýpt. Tvö þeirra eru eftir tvo af frumkvöðlum rómantísku stefnunnar, danska skáldið Adam Oehlenschläger og þýska skáldið Friedrich Schiller. Sá fyrrnefndi samdi *Bíum, bíum* og sá síðarnefndi *Meyjargrát*, sem hefst á þessum orðum: „Dunar í trjálundi, dimm þjóta ský.” Frumsömdu kvæðin eru *Heylóarvísa* og *Sáud þið hana systur mína*. Heylóarvísa hafði raunar birst áður, í Fjölni 1836, og hefur verið tekið til marks um að Jónas hafi þá verið búinn að semja *Grasaferð*, þótt ekki sé það örugg sönnun þess.

Efni kvæðanna kallast raunar skemmtilega á við sjálfa söguna þar sem í kvæðunum er fjallað um börn eða dýr sem hafa orðið fyrir missi og sorg og minnir það lesendur á að börnin í sögunni hafa bæði misst móður sína. Þannig vegast ógn og öryggi sífellt á í sögunni og þótt fagurt sé á fjallinu þennan sólríka dag eru ógnir náttúrunnar skammt undan og börnin jafnvel í bráðri lífshættu eins og lóungarnir sem hrafninn gómaði:

Í þessu vetfangi flaug stóreflis bjarg fram hjá okkur; það hófst í háaloft og hjó upp torfur úr rindanum þar sem við stóðum og fyrir en augað eygði var það horfið fram af skeiðinni, en dynkirnir ukust nú um allan helming og gráblár reykur og eldlykt gusu upp.

Sagan var frumprentuð í Fjölni, tveimur árum eftir lát Jónasar eða árið 1847 en eiginhandrit sögunnar er glatað og titill sögunnar tilbúningur Konráðs Gíslasonar og félaga, sem kölluðu söguna „Brot“ í undirtitli. Steingrímur J. Þorsteinsson mótmælti þeirri túlkun (í ritinu *Jón Thoroddsen og skáldsögur hans*, I. bindi, bls. 205) og telur söguna heildstæða listræna smásögu og fullyrðir að hún sé sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi.

Samræður frændsystkinanna í *Grasaferð* bera ótvíræð merki helstu áhugamála höfundar og á köflum verður sagan eins og kennslubók frá upplýsingatímanum þar sem samræður milli meistara og lærisveins bera fram þann fróðleik sem kenna á:

„Veistu þá af hverju grjóthrunið kemur?“ sagði ég og var þýsna spekingslegur, „það eru sumir steinar sem sitja framan í brekkunni og tolla ekki á neinu nema leir og sandi sem runnið hefur í kringum þá. Nú þegar regnið kemur, skolast allur leirinn í burtu og þá losnar steinninn og fer á stað eins og þér gefur að skilja.

Á sama hátt spjalla systkinin um skáldskap og þýðingar þar sem stúlkan gagnrýnir þýðingu piltsins og ásakar hann um að færast of mikið í fang enda kemur í ljós síðar að hún hefur vel efni á því:

Þegar snúið er í annan bragarhátt, fær skáldskapurinn oftast nær annan blæ, þó efnið sé reyndar hið sama; og víst er um það að þetta kvæði hefur dofnað ...

Eins og fræg áráð Jónasar á íslenska rímnakveðskapinn vitnar um aðhylltist Jónas rómantíska fagurfræði og deildi hart á kveðskap síns tíma frá því sjónarhorni. Það sem hefur vakið hvað mesta athygli í þessum samræðum um listina að yrkja eru ummæli stúlkunnar um að það hafi aldrei þótt prýði á kvenfólki að fást við slíkt. Hún virðist líka skammast sín fyrir kvæði sín og pilturinn segir henni til huggunar að hann skyldi feginn eigna sér allt sem hún hefur ort. Ef til vill segir þetta margt um hlutskipti kvenna sem fengust við skáldskap á þessum tíma. (Helga Kress er að minnsta kosti ekki í neinum vafa í grein sinni um Grasaferð (*Skírnir* 1989) er hún kemst að þeirri óvæntu niðurstöðu að það hafi ekki verið Jónas sem skrifaði söguna heldur frænkan, Hildur Bjarnadóttir!)

En þessi umræða um listina að yrkja leiðir raunar hugann að því hvort ekki felist dulin merking um þá list í sögunni í heild. Höfundur ávarpar t.d. lesandann í upphafi ferðarinnar á fjallið og spyr hvort hann muni ekki eftir þeirri tilfinningu þegar hann hafi í fyrsta sinn fundið svo mikil grös að hann hafi ekki verið viss um að geta tekið byrði sína fyrirhafnarlaust. Seinna kemur í ljós að drengurinn hefur reynt þetta þar sem hann á í mestu erfiðleikum með að koma fengnum niður af fjallinu. Hann færðist of mikið í fang í grasatínslunni, rétt eins og í skáldskapariðkun sinni, eins og frænkan er látin minna hann á: ...„enda tekstu of mikið í fang að reyna þig á öðrum eins skáldskap og þessi er.“

Í sögunni er útúrdúr frá höfundi þar sem minnt er á muninn á þeim sem afla fengsins og þeim sem vinna úr því sem aðrir hafa aflað og leiðir sá kafla óneitanlega hugann að því hvort þar sé höfundur að vísa til þess eðlismunar sem er á frumsömdum skáldskap og þýddum. En þá eru líka safaríku grösín á fjallinu orðin tákn fyrir þann efnivið sem skáldin afla sér en verða auðvitað fyrst og fremst að hafa auga fyrir (sbr. upphafsorð sögunnar: „Systir góð, sérðu það sem ég sé?“), burði til að afla fengsins og hæfni til að vinna úr honum. Góð skáld verða þá væntanlega bæði að vera góðir veiðimenn og góðir handverksmenn og þau þurfa að hafa næmt auga.

Sagan gefur glögga innsýn í viðkvæmt sálarlíf barna og sýnir að höfundur hefur haft óvenju næman skilning á því. Ef til vill er sagan að einhverju leyti sjálfsævisöguleg og kannski er barnið í Jónasi þarna lifandi komið, stuttfatt og óöruggt með sig en að springa af tilfinninganæmi, listrænum hæfileikum og löngun til að ná langt.

#### Um Jónas Hallgrímsson og *Grasaferð*:

*Ritverk Jónasar Hallgrímssonar I-IV*, Reykjavík 1989. Sjá um *Grasaferð* í IV. bindi bls. 247.

*Íslensk bókmenntasaga III*, (1996), bls. 310-339.

Steingrímur J. Þorsteinsson: *Jón Thoroddsen og skáldsögur hans I-II*, (1943).

Helga Kress: „Grasaferð“, *Skírnir* (1989).

Svava Jakobsdóttir: „Paradísar missir Jónasar Hallgrímssonar“, *Skírnir* (1993).

Kristján Karlsson: *Íslenskar smásögur 1847-1974*, I-III (formáli), Rvk. 1982-3.

## Grasaferð - nokkrir punktar:

- Prentuð í Fjölni 1847 (tveimur árum eftir dauða Jónasar).
- Talin skrifuð 1836 þegar *Heylóarvísa* birtist í Fjölni.
- Fyrsta íslenska smásagan í nútímastíl (Steingrímur J. Þorsteinsson).
- „Það besta í íslenskri skáldsagnagerð á 19. öld“ - áhrif á Jón Thoroddsen. (Steingrímur J. Þorsteinsson)
- Náttúrustemmning, lýsing á sveitalífi í svipuðum stíl og í *Pilti og stúlku*.
- Vísað í þjóðsagnaefni: Þorgeirsboli, Axlar-Björn, Eiríkur á Vogsósum, skottur og útilegumaðurinn undir lokin.
- Fyrsta barnalýsingin í íslenskum skáldskap. Börnin málpípa höfundar og samtal þeirra um skáldskap fullorðinslegt og „ósannfærandi“.
- Sagan er óvenjuleg að byggingu - engin kynning í byrjun og engin lausn í lokin, útúrdúrar og ávarp til lesenda.
- Einkenni rómantíkur – náttúrumyndir og óbeislað hugarflug, lýsingar á tilfinningum.

## Grasaferð

Sagan hefur verið túlkuð sem þroskasaga eða manndómsvígsla stráksins.

**1. Veltið fyrir ykkur aðstæðum piltsins og takið afstöðu til þessarar túlkunar.**

Sagan hefur verið túlkuð út frá kvennafræðilegum sjónarmiðum sem lýsing á kynjamun og togstreitu kynjanna.

**2. Hvernig kemur það heim og saman við söguna? Er Hildur Bjarnadóttir e.t.v. aðalpersóna sögunnar?**

Kvæðin í sögunni endurspeglar sorg, grimmd og hættur náttúrunnar. (Munið að börnin í sögunni eru bæði móðurlaus.)

**3. Skoðið efni og tilfinningu kvæðanna með tilliti til þessa. Finnst ykkur kvæðin dýpka söguna?**

Takið eftir lýsingum á aðstæðum barnanna í sögunni, útliti, klæðnaði og afþreyingu þeirra.

**4. Hvað má lesa út úr sögunni um aðbúnað og aðstæður til sveita á þessum tíma?**

Takið eftir sveiflukenndum tilfinningum stráksins og hvaða tilfinningar náttúran vekur.

**5. Hvaða tilfinningar vegast á í sögunni? Hvernig er náttúrunni lýst? Hvað táknar útilegumaðurinn í lok sögunnar?**

## Einar H. Kvaran (1859-1938)

Einar Hjörleifsson Kvaran varð stúdent frá Lærða skólanum í Reykjavík árið 1881. Hann þótti strax í skóla efni í skáld og birti á skólaárum sínum kvæði og sögur í tímaritum. Hann las hagfræði við Hafnarháskóla á árunum 1881-1885 en hvarf frá námi. Í Kaupmannahöfn kynntist hann hinum svokölluðu „Verðandimönnum“ þeim Hannesi Hafstein, Gesti Pálssyni og Bertel Ó. Þorleifssyni og stóðu þeir saman að útgáfu tímaritsins Verðandi sem kom út í einu tölublaði árið 1882.

Verðandimenn voru allir undir sterkum áhrifum frá danska raunsæisfrömuðinum Georgi Brandes sem boðaði róttækt endurmat á skáldskap, trú, siðfræði og þjóðfélagsmálum og hvatti skáld til að taka vandamál til meðferðar í verkum sínum og herja á fordóma almennings og ýmsar meinsemdir mannlífsins. Ýmsir óttuðust Brandes vegna róttækni hans og töldu hann vera svarinn fjandmann trúarbragða, hjúskaparhelgi og fjölskyldulífs og fengu lærisveinar hans líka að kenna á þeim fordómum. Síðar á ævinni gerðist Einar H. Kvaran eldheitur talsmaður trúar og fagurs hjúskaparlífs og stofnaði Sálarrannsóknarfélag Íslands árið 1918 ásamt Haraldi Níelssyni og tók að skrifa um sálræn efni og spíritisma.

Fljótlega eftir námsdvölinu í Kaupmannahöfn eða árið 1885 fluttist Einar til Vesturheims og bjó í Winnipeg í um 10 ár og stundaði þar ritstjórn og blaðamennsku. Honum var í mun að hvetja landa sína í Vesturheimi til gagnrýnnar þjóðfélagsafstöðu og félagshyggju. Eftir að heim var komið gerðist Einar ritstjóri Ísafoldar og var það lengst af á árunum 1895-1901. Störf hans við blaðamennsku tóku tíma frá skáldskapariðkun og það var ekki fyrr en árið 1908 sem hann komst á höfundarlaun og fór að geta einbeitt sér markvisst að skáldskap. Meðan Einar bjó í Winnipeg skrifaði hann smásöguna *Vonir* og hefur hann sagt þannig frá aðdraganda þess: „Ég hafði fleygt mér út af einn heitan júnídag eftir miðdegisverð og fest svefninn aðeins. Þá dreymdi mig aðalefni sögunnar, en sérstaklega atburðinn í innflytjendahúsinu. Ég hrökk upp friðlaus af löngun eftir að fara að skrifa þetta, og ég byrjaði samdægurs. ... Mig furðaði á þessum hraða, einkum vegna þess, að sagan er allsendis ólík öllu sem ég hafði reynt að skrifa áður, og ég var kominn nálægt þritugu. Og svona leit ef til vill hin martraðarkennda mynd draumsins út:

En fram með hliðunum sitja konur á bekkjum með börn í fanginu. Sum sofa, önnur sjúga en flest gráta. Og gamall, langur og nefstór læknir með sitt skegg á kinnum gengur fram með bekkjunum og heldur á skeið í annarri hendinni en stóru meðalaglasi í hinni. Hann staðnæmist hjá hverju barni sem grætur og segir: „Sick?“ Og æfinlega er svarið: „Yes“. (bls. 47)

Það er engu líkara en þessi hraði sköpunartími sögunnar hafi sett mark sitt á stílinn, a.m.k. kemur hraðinn fram í upphafsorðunum „Áfram, áfram...“ og lesandi er strax kominn á fleygiferð með lestinni til Winnipeg og það er auðvelt að hrífast með hinum seiðandi stíl Einars. Sagan sýnir glögg hvornig draumar hinna fátæku Íslendinga sem leituðu til Vesturheims í von um betra líf snerust oft upp í fullkomna martröð. Sjálfur varð Einar fyrir miklum raunum í Vesturheimi því tveimur árum eftir að hann fluttist þangað missti hann konu sína og tveir drengir þeirra hjóna höfðu látist á fyrsta ári.

Guðmundur G. Hagalín kvað eitt sinn upp þennan dóm um frásagnarlist Einars: „...enginn hefur enn þá hér á landi náð Einari Kvaran í þeirri list að samræma efni, stíl og mál. Hann er því þar sem honum tekst best, listrænasta sagnaskáldið, sem vér höfum átt.“ (Íslensk bókmenntasaga III, bls. 865). Í eftirmála Tómasar Guðmundssonar að ritsafni Einars kemur fram að hann hafi orðið fyrir harðri gagnrýni

vegna smásagna sinna og leikrita í íslenskum blöðum. Þar kemur fram að viðhorfið héraendis hafi snúist eftir að Georg Brandes hafi kallað *Vonir* „perlu“ sem enginn gæti gleymt. (Ritsafn Einars H. Kvaran, VI. bindi bls. 416.) Einar var einn afkastamesti rithöfundur þjóðarinnar á fyrri hluta aldarinnar og gaf út bæði skáldsögur, leikrit og smásögur. Veigamestu skáldsögur hans eru *Ofurefli* (1908) og framhald hennar, *Gull* (1911) og *Sálin vaknar* (1916) en stærstu leikrit hans eru *Lénharður fógeti* (1913) og *Syndir annarra* (1915) Ritsafn Einars H. Kvaran kom út árið 1968-1970.

#### **Um Einar H. Kvaran:**

*Ritsafn Einars H. Kvaran* I-VI, Rvk. 1968-1970. Í VI. bindi skrifar Tómas Guðmundsson „Nokkur orð um Einar H. Kvaran“.

*Íslensk bókmenntasaga* III. bindi, Rvk. 1996, bls. 853-871. Ennfremur er í heimildaskrá og skýringum vísað í fleiri skrif um Einar.

Í bókum Guðjóns Arngrímssonar, *Nýja Ísland* (1997) og *Annað Ísland* (1998) er fjöldinn allur af myndum og upplýsingum um vesturferðir.

## Vonir

1. Eitt einkenni raunsæis í skáldskap eru nákvæmar lýsingar á ástandi. Finnið slíkar dæmigerðar lýsingar í sögunni. Hverju er lýst nákvæmlega?
2. Raunsæi í skáldskap er andstætt rómantískri fegurðardýrkun. Finnið dæmi í sögunni um þessa raunsæju sýn á mannlífið þar sem ljótleikinn er dreginn fram.
3. Hlutlægni var einkennandi í frásagnartækni raunsæistímans þar sem rithöfundurinn átti að vera áhorfandi að mannlífinu. Hvaða frásagnaraðferð er notuð í sögunni? Finnið dæmi um breytilegt sjónarhorn í sögunni og hvernig farið er fram og aftur í tíma.
4. Takið eftir hvernig lýsingin á útliti og klæðaburði Helgu stingur í stúf við lýsinguna á útliti og klæðaburði íslenska kvenfólksins. Hvaða tilgangi þjónar það í sögunni að draga fram þessar andstæður? Sjáið þið dæmi um fleiri andstæður í sögunni?
5. Hvað má ráða af lýsingu sögunnar um ástæður þess að stór hluti íslensku þjóðarinnar fluttist til Vesturheims undir lok 19. aldar?
6. Skoðið stílbrögð og orðfæri sögunnar og finnið dæmi um t.d. andstæður, endurtekningar, upptalningar og myndmál. Skoðið notkun lýsingarorða í sögunni. Takið eftir að höfundur lætur sér sjaldnast nægja eitt stakt lýsingarorð heldur notar hann lýsingarorðarunur. Skrifðu upp öll lýsingarorð sem þið finnið á bls. 44–45. Takið eftir hvernig lýsingarnar höfðu ýmist til heyrnar, lyktar eða sjónar eða allt í senn.
7. Berið saman Ólaf og Helgu. Hvernig manneskjur eru þau? Hvað er Ólafur gamall? Eiga þau eitthvað sameiginlegt? Hvernig hjón hefðu þau hugsanlega orðið? Er hægt að réttlæta framkomu Helgu gagnvart Ólafi? Er von í lok sögunnar eða er lánleysi Ólafs algjört?



## Einar Benediktsson (1864-1940)

Einar Benediktsson varð stúdent í Reykjavík árið 1884 og lauk lögfræðiprófi frá Hafnarháskóla árið 1892. Sama ár starfaði hann sem aðstoðarsýslumaður í Þingeyjarsýslu, ritstjóri og málflutningsmaður í Reykjavík. Hann var áhugasamur um þjóðmál og stofnaði Landvarnarflokkinn árið 1902. Hann var sýslumaður í Rangárvallasýslu á árunum 1904-1907 en flutti eftir það til Bretlands og Danmerkur, bjó erlendis og stundaði fésýslu til ársins 1921. Hann dvaldist langdvölum erlendis eftir það en síðustu æviárin í kyrriþey í Herdísarvík í Selvogi.

Einar er umfram allt ljóðskáld og gaf út fjórar ljóðabækur; *Hafblik* (1906), *Hrannir* (1913), *Vogar* (1921) og *Hvammar* (1930). Einar snerist gegn raunsæisstefnunni og varð einstaklingshyggja snar þáttur í skáldskap hans líkt og hjá skáldum sem aðhylltust nýrómatík en það viðhorf birtist t.d. í upphafningu á þjáningu einstaklingsins og dyrkun á snilligáfu og sterkum einstaklingum. *Valshreiðrið* er með því fyrsta sem birtist á prenti eftir Einar eða árið 1897 í bókinni *Sögur og kvæði*. Í sögunni sér stað nýrómantískrar einstaklingshyggju og táknsæis og þar er engin þjóðfélagsádeila á ferðinni. Sögupersónan verður líka hetja í augum lesanda fyrir viljastyrk sinn og að þora að storka örlögunum. Hér gætir áhrifa frá heimspekikeningum Friedrich Nietzsches um ofurmennið sem hann setti fram árið 1883 í einu þekktasta verki sínu, *Also sprach Zarathustra* (Svo mælir Zarabústra).. Ránfuglinn valur verður eins konar tákn ofurmennskunnar í *Valshreiðrinu* og stórbrotin náttúran er alveg í samræmi við skapgerð og viljastyrk elskendanna sem rífa hjörtun hvort úr öðru eins og ránfuglar. Valseggin gætu verið tákn hinnar brothættu ástar og hamrakarlarnir tveir sem tróna efst á fossbrúninni gætu einnig verið táknmynd hins stríðlynda pars: „Tveir úfnir og brúnaþungir hamrakarlar stóðu hvor sínum megin við fossinn og hölluðu saman kollunum. Það var eins og þeir gerðu það af náð að sleppa fljótinu fram hjá sér ...“ (bls. 60). Þess má geta til gamans að Einar Benediktsson átti son sem hann nefndi eftir fuglinum val og mun það hafa verið í fyrsta sinn á Íslandi sem maður var skírður því nafni.

*Valshreiðrið* fjallar um samband pils og stúlku eins og *Grasaferð* og *Vonir* og býður upp á margháttaðan samanburð við þær. Þar er ennfremur að finna gildisdóm um gáfur kvenna: „Margar konur verða ókvenlegar þegar þær beita sér í samræðum ...“ (bls. 65) og er þetta náskyld viðhorfinu til skáldskapariðkunar kvenna sem birtist í *Grasaferð*. Þarna er stúlkan líka sterkari aðilinn í sambandinu eins og í *Vonum* og *Grasaferð* og hún leikur sér með tilfinningar karlmannsins þótt gjáin sé ekki jafn djúp á milli þeirra og á milli Helgu og Ólafs í *Vonum*. Og karlmaðurinn þolir ekki þetta ofurefli stúlkunnar: „... smátt og smátt læddist sú meðvitund inn í huga minn að hún ekki einasta stæði ofar en ég, heldur líka að hún fyndi það sjálf, og það er sú hættulegasta raun sem nokkur kona getur sett karlmannsást í; því er nú einu sinni svo varið að karlmennirnir vilja hafa tögl og hagldir, þó það sé ranglátt, þegar völdin væru betur komin í höndum konunna.“ (bls. 65).

### Um Einar Benediktsson:

*Íslensk bókmenntasaga* III. bindi, Rvk. 1996, bls. 893-907.

Guðjón Friðriksson: *Einar Benediktsson*, Rvk. 1998.

Gils Guðmundsson: *Væringinn mikli*, Rvk. 1990.

## Valshreiðrið

1. Berið saman samspil kynjanna í *Grasaferð* og *Valshreiðrinu*. Hvað er líkt og hvað ólíkt? Skoðið t.d. aðstæður drengjanna í sögunni og veltið fyrir ykkur manndómsvígslu þeirra. Hvernig er sambandi þeirra við stúlkur háttáð? Hvað eiga stúlkurnar í sögunum sameiginlegt?
2. Berið saman náttúrulýsingar *Grasaferðar* og *Valshreiðursins*.
3. Sagan fjallar á táknrænan hátt um drottunargirni og viljastyrk. Hvernig tengist fuglinn valur þessu þema? Hvernig er sambandi parsins háttáð? Boðar sagan undirgefni kvenna?
4. Hér er skrifað um togstreitu kynjanna af talsverðu næmi. Hvort er samúðin með stúlkunni eða piltinum? Eru viðbrögð stúlkunnar skiljanleg? Hvort á meiri sök á endalokunum? Hvað tákna egginn og hvers vegna kastar stúlkan þeim í hylinn?
5. Berið saman samband parsins í þessari sögu og *Vonum*. Hvað er líkt og hvað ólíkt?

## Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum (1857-1933)

Ólöf fæddist að Sauðadalsá á Vatnsnesi og var næstýngst sextán systkina. Hún var ljósmóðir að mennt, gaf út tvær ljóðabækur og skrifaði nokkrar smásögur sem birtust í tímaritum. Ólöf vakti athygli fyrir opinskáar lýsingar á tilfinningum sínum í ljóðunum og í *Móður snillingsins* gætir sömu hreinskilni. Ólöf verður fyrir áhrifum frá raunsæisstefnunni og kvenréttindabaráttunni, sem setur mark sitt á yrkisefni hennar og lífsskoðanir. Ólöf þjáðist af berklum frá barnsaldri og var alla tíð heilsuveil. Jón Auðuns lýsir Ólöfu svo:

Hún var lágvaxin og tággrönn, hnýtt í baki eftir berkla frá miðjum aldri. Andlitið var sérkennilegt. Hárið mjög dökkt á fyrri árum og hrokkið. Ennið hátt og nefið fremur stórt og dálítið bogið. Munnurinn var oftast opinn, og þegar hún gekk á götu, greitt og létt eins og vandi hennar var til síðustu daga, lék jafnan undarlegt bros um varir hennar. Þó einkenndu hana augun mest. Þau voru gráblá og óvenjulega stór og var einkum í öðru þeirra sérkennilegur glampi, sem ég hef í einskis manns auga annars séð. (*Íslensk bókmenntasaga* III, bls. 698).

Ólöf var náin vinkona Þorsteins Erlingssonar og af bréfaskriftum þeirra að dæma unni hún honum hugástum. Ólöf vann sem ljósmóðir í Reykjavík en varð fljótlega of heilsuveil til að stunda þessa vinnu. Henni var nauðugur einn kostur að gifta sig árið 1887 og settist að á Hlöðum í Hörgárdal. Ári seinna kom út fyrri ljóðabók hennar, *Nokkur smákvæði*. Af bréfum að dæma virðist hún hafa gifst af hagkvæmnisástæðum fyrst og fremst. Hún skrifar Þorsteini Erlingssyni af því tilefni: „Mér fannst ég alveg vera búin að eyðileggja alla mína framtíð, að vera búin að gefa mig á vald manni sem ég gæti ekki liðið, ekki komið nálægt og einungis óttaðist svo að ég gæti ekki sagt honum eitt orð af því sem ég fann ... Ég hræddist mannsefnið eins og fjandann“ (*Íslensk bókmenntasaga* III, bls. 694).

Það rættist þó sannarlega úr hjónabandinu eins og Ólöf yrkir um í þessu kvæði:

En hamingjan góða, hve hrædd var ég þá,  
er hjúskaparböndin mig lögð voru á.

---

En laglega hjálpaði hamingjan þá,  
ég hékk ekki í bandi, nei, það er nú frá.  
Því bóndinn varð „fóstri“ og félagi minn,  
hann festi ekki í snöru ungann sinn.  
Ég mátti að ósekju flöggra og fljúga,  
– mér féll það svo ógn vel að þurfa ekki að ljúga.

Bent hefur verið á að tveir þræðir gangi í gegnum verk Ólafar; sjálfstæðisþrá og ásthneigð. Þetta kemur fram í *Móður snillingsins* þar sem ástin og frelsið togast á í Geirlaugu, vinnukonunni ungu, en aðstæður hennar og fátækt verða til þess að hún getur hvorugs notið. Hér er lýst sambandi manns og konu þar sem konan hefur frumkvæði en verður að lokum að viljalausu fórnarlambi aðstæðna sem hefur ekki frjálst val um líf sitt. Sagan er skrifuð í anda raunsæis þar sem hlutlægrar nákvæmni gætir í lýsingum og samúðin er heilskipt með vinnukonunni. Sagan hefur í sér fóligna ádeilu á það þjóðfélag sem metur einskis framlag hinnar fátæku vinnukonu enda þótt það njóti góðs af gjörðum hennar.

### Um Ólöfu Sigurðardóttur:

*Íslensk bókmenntasaga* III. bindi, Rvk. 1996, bls. 689-700.

*Ritsafn Ólafar frá Hlöðum*, Rvk. 1945. (Jón Auðuns sá um útgáfuna og ritaði inngang.) Þar er prentuð ritgerðin *Bernskuheimili mitt* sem birtist fyrst í Eimreiðinni 1906.

## Móðir snillingsins

- Takið eftir upphafsorðum sögunnar „*Ég öfunda hana móður hans...*“ Kastljósi sögunnar er strax beint að móðurinni enda er hún aðalpersónan þótt rammi eða ytri umgjörð sögunnar hverfist um soninn, söngsnilld hans og hrifningu ungu frænkunnar á honum. Frænkan unga segir: „*Mig langar til að vera móðir hans...*“. Það kemur svo í ljós þegar líður á söguna að móðirin er engan veginn öfundsverð af hlutskipti sínu. Hver er ævisaga hennar í stuttu máli? Hver er afstaða hennar til hjónabandsins?
- Takið eftir óvenjulegri frásagnaraðferð sögunnar. Lýsið henni í fáeinum orðum. Takið eftir hvenær skipt er um sjónarhorn í frásögninni. Hvaða aðferð notar höfundur við persónulýsingar í frásögninni? Notar hann beinar eða óbeinar lýsingar?
- Takið eftir öllu sem fram kemur um prestfrúna, siðferðis- og trúarlega afstöðu hennar, hjónaband hennar og þátt hennar í uppeldi snillingsins og örlögum Geirlaugar. Skýrið það í stuttu máli. Lýsið sambandi hennar og Geirlaugar.
- Skiptið sögunni niður í senur eins og um leikrit eða kvikmynd væri að ræða. Hvað eru senurnar margar? Hvar mundi vera hlé, þ.e. hvar eru hvörf í sögunni?

## Halldór Laxness (1902-1998)

Ekki þarf að fjölyrða um Halldór Laxness, ævi hans og verk. Þessi saga var valin í safnið til að gefa mynd af menningarástandi í Reykjavík fyrir stríð og sem sýnishorn hinnar sérstæðu frásagnaraðferðar Halldórs og kímniááfu. Sagan er raunar nokkuð „ýkt dæmi“ um laxneskan frásagnarstíl þar sem stíll hennar er bæði ýkjukenndur og markviss beiting háðs gerir söguna nánast að fullkominni satíru eða háðsádeilu. Sagan er skrifuð um miðbik 4. áratugarins þegar miklir umrótstímar eru í veröldinni. Í þessari sögu gætir ekki sama alvarlega tóns og í bókmenntum raunsæisins enda þótt sagan sé frá þeim tíma á rithöfundaverli Halldórs þegar hann skrifar undir áhrifum frá félagslegu raunsæi. (Hann skrifar söguna sennilega um svipað leyti og *Sjálfstætt fólk* er að koma út eða á bilinu 1935-6.) Um þetta leyti er fasisminn í mikilli uppsveiflu í Evrópu og sagan felur í sér hárbeitta ádeilu á hann. Víða í verkum sínum deilir Halldór Laxness raunar á valdniðslu og skoðanakúgun og hrokafullir valdsmenn fá yfirleitt slæma útreið hjá honum. Þessi litla saga geymir í raun ýmis minni sem Halldór átti eftir að gera meira úr síðar, t.d. í *Íslandsklukkunni* og *Gerplu*.

Ítalski flugherinn, með foringjann Pittigrilla, verður tákn valdhrokans en Stebbi pikkóló er andstæða hans, hin baráttuglaða alþýða sem býður valdinu byrginn og vinnur sigur. Hinir skrautlegu ítölsku búningar reynast aftur á móti skýla óuppdragnum dónum ef marka má þessa lýsingu á borðsiðum þeirra:

„...þeir smjötuðu og sugu úr tönnunum og sleiktu hnífinn með svipuðum aðförum og þeir ætluðu að skera úr sér tunguna, og þegar þeir feingu sér vindil að reykja vissu þeir ekki í hvorn endann þeir áttu að bíta, og flestir bitu í öfugan enda, svo þjónarnir héldu þetta væru betlarar sem hefðu verið tindir uppúr göturæsunum og dubbaðir upp í þetta eina ferðalag í þeirri von að þeir mundu drukna í Atlantshafinu.“ (bls. 115).

Stebbi er að vísu bara venjulegur íslenskur almúgadrengur en engu að síður kurteis í allri framgöngu sinni. Honum er því eðlilega misboðið þegar ítalski herforinginn sýnir honum dónaskap. En sagan gerir ekki síður grín að kotungshætti Íslendinga enda var Halldór þekktur fyrir að segja þjóð sinni til syndanna og reyna að lyfta henni á hærra menningarstig og má í því sambandi minna á ýmis skrif hans frá 3. áratugnum þar sem hann gagnrýnir Íslendinga m.a. fyrir sóðaskap. (sjá t.d. *Alþýðubókina* og greinasafnið *Af menningarástandi*.) Niðurstaða sögunnar er þó sú að enda þótt eyþjóðina smáu skorti siðmenningu er augljóst af sögunni að sú tegund heimsmenningar sem ítalski herinn flytur með sér er ekki eftirsóknarverð.

Beittasta ádeila sögunnar er þó ef til vill fólgin í þessum orðum:

„Það er álitid að fáar þjóðir hafi þolað kúgun og yfirgáng af meiri kurteisi en íslendingar. Um aldaðir altframmá þennan dag lifðu þeir í skilníngríkri sáttfýsi við kúgun, án þess að gera nokkru sinni tilraun til uppreistar. Eingri þjóð var byltingarhugtakið jafn hulið. Ævinlega voru íslendingar reiðubúnir að kyssa þann vöndinn er sárast beit og trúa því að kaldrifjaðasti böðullinn væri sönnust hjálp þeirra og öruggast skjól.“ (bls. 118)

Með þessi orð í huga verður Stebbi auðvitað stórbrotin hetja í augum lesandans þótt stelpan við framreiðsluborðið uppnefni hann Stebba strý og höfundur láti hana fara með bjánalegu vísuna yfir honum í stað þess að yrkja til hans ærlegt hetjuljóð í anda hetjusagnahefðarinnar. En það hvað hann er ómeðvitaður um hetjudáð sína gerir hann auðvitað að stærri manni en hina hégómlegu hermenn sem eru sýndarmennskan uppmáluð.

### Hvað er háð?

Samkvæmt skilgreiningu í *Hugtökum og heitum í bókmenntafræði* er háð ein tegund af íroníu þar sem merking orðanna er tvíræð og þau geta í raun merkt andstæðu þess sem sagt er. Sagan er öll gegnsýrð þess konar háði þar sem höfundur leikur sér með tvíræðnina hvort sem höfundur beinir sjónum sínum að Íslendingum eða Ítölum.

### Dæmi um háð í sögunni:

Um hermennsku: „...eyarskeggjar orðið að fara á mis við þann **alkunna dýrðarljóma** sem stafar af einkennisbúningum...“

„Svo segja vitrir menn að þjóðarauður ítala sé bráðum geinginn til þurðar sakir dálætis fólks þessa á **spaugilegum grímubúningum** með glíngri því og hafurtaski sem þeim fylgir...“

Um fasistana: Þeir eru kallaðir „**elskhugar eyðimerkurinnar**“. „Þeir nutu svo mikillar ástar og virðingar í heimalandi sínu, og voru auk fríðleiks síns og glæsimensku slíkar **hetjur og ættjarðarvinir**, að brátt lögðu þeir á stað með gasvélar til Afríku til að **framleiða andarteppu** hjá nöktum svertíngjum á eyðimörkinni, svo allur heimurinn mætti sjá **frægð** þeirra.“

Um Íslendinga: „Nú vikur sögunni aftur til Íslands og þessarar **sérgóðu** eyþjóðar sem skilur ekki hina dýpri merkíngu einkennisbúninga, og þaðanafsíður stigmun þeirra, **en hefur samið sig að smekk hvala og annarra stórfiska**...“

### Dæmi um ýkjur:

„Íslenskur sagnameistari, sem lifir í Danmörku en ann stórþjóðum, skrifaði síðan skeytum þessum til staðfestingar bók eina á dönsku um komu ofangreinds loftflota til eyarinnar, og til merkis um hve vel eyarskeggjar kynnu að haga sér gagnvart stórveldum skýrði hann svo frá, að þá er keilubúðarhúðlendingar heyrðu dyninn af flugvélum fasista yfir höfði sér, urðu þeir gagnteknir slíkum fögnuði og hrifningu, að bláókunnugir menn **ruku hver að öðrum á strætum og gatnamótum höfuðstaðarins og kystust grátandi**“ (bls. 114).

Hér má velta fyrir sér hvað laxneska orðið **keilubúðarhúðlendingur** merkir og hvaðan það er upprunið!

### Einstök fyndin atvik:

Hlálæg meðferð ítölsku hermannanna á hótelinu þar sem íslensku þjónunum er fyrirmunað að fara eftir umgengnisreglum hersins og yfirþjónninn þakkar í sífellu fyrir þær svívirðingar sem hellt er yfir hann. Þessar fábánalegu þakkir þjónsins verða óborganlega fyndnar þegar klifað er á þeim í sífellu.

Það að ítölsku hermennirnir skuli í Reykjavík renna saman við vikadrengei, bréfbera og fólk úr Hjalpræðishernum er auðvitað íronískt. Einnig það að Stebbi skuli halda sig jafnoka Pittigrilla bara af því að hann er í alveg eins búningi og reykir vindil eins og hann.

Í *Öldinni okkar* frá 1933 er mynd og frétt af þessari heimsókn ítalska flughersins og er tilvalið að kynna það fyrir nemendum. Í því sambandi mætti minna á hvað Halldór notar mikið sannsögulega atburði í verkum sínum, ekki síður í samtímaverkum en sögulegum verkum.

## Ósigur ítalska loftflotans

- Finnið dæmi um háð, ýkjur eða íroníu í sögunni. Hvaða ádeila er fólgin í þessum lýsingum?
- Takið eftir hvernig höfundur lýsir eiginleikum Íslendinga en gerir jafnframt grín að kotungshætti þeirra. Hverjir eru jákvæðustu eiginleikar Íslendinga að mati höfundar og hverjir eru þeir neikvæðustu?
- Takið eftir hvernig höfundur stillir Stebba pikkóló og Pittigrilla upp sem hliðstæðum. Hvað eiga þeir sameiginlegt og hvað skilur á milli þeirra? Hvor þeirra er meiri hetja?
- Hvaða hlutverki gegnir stúlkan á hótelinu?
- Hvaða ósigur beið ítalski loftflotinn í Reykjavík árið 1933?

## Ólafur Jóhann Sigurðsson (1918-1988)

Ólafur Jóhann var jafnvígur á ljóð, skáldsögur og smásögur. Hann var einn þeirra höfunda sem komu fram í byrjun 4. áratugarins þegar menningarrof átti sér stað í íslensku þjóðfélagi og fólk flyktist úr sveitunum í borgina. Sögur Ólafs endurspeglar þetta ástand og eru skrifaðar undir áhrifum félagslegs raunsæis og hafa yfirleitt að geyma siðferðislega alvöru. Hann var ennfremur einn þeirra fjölmörgu höfunda sem tóku til við að skrifa um spillandi áhrif hernámsins á þjóðfélagið. Sagan *Stjörnurnar í Konstantínópel* sýnir vel íslenska sveitameningu á tímamótum og þar mætast tveir ólíkir heimar eins og í sögu Halldórs. Og þótt innrásin láti ekki eins mikið yfir sér í þessari sögu hefur hún mun afdrifaríkari afleiðingar en innrás fasistanna í sögu Halldórs Laxness.

Ritferill Ólafs hófst með barnasögum og honum lætur vel að skrifa um börn eins og þessi saga sýnir, þar sem aðalpersónan er aðeins 7 ára gamall drengur. Hér er ýmislegt sem minnir á *Grasaferð*, togstreita milli pilts og stúlku og lítill drengur sem þráir að verða maður með mönnum. Í þessari sögu er það ekki drengurinn sem spyr hvort systirin sjái það sama og hann, heldur systir sem segir: „Kondu út á hlað og hlustaðu!“ Hér má einnig sjá hliðstæður við *Vonir* í því að drenginn dreymir um fyrirheitna landið og lætur útsmogna sölumenn gleppja sig og verður fyrir þjáningarfullri reynslu er hann missir aleiguna eins og Ólafur. Hinn seiðandi og myndræni stíll Ólafs Jóhanns þar sem nostrað er við smáatriði minnir einnig talsvert á stíl Einars H. Kvaran og höfundur leikur sér með andstæður á svipaðan hátt:

Nótt eftir nótt sveif ég til þessarar fjarlægu borgar, klifraðist upp í trén og söng, spókaði mig á hvolfþökum turnanna, tróð út gúlinn af allskonar kaffibrauði og át gráfikjur úr ótæmandi bréfpökum. En stundum missti ég skyndilega jafnvægið og hrapaði. Ég vaknaði svangur og hræddur í rúminu hjá föður mínum, næturmyrkur í baðstofunni og allir sofandi, öngvar gráfikjur á boðstólum fyrr en farið yrði með ullina í kaupstaðinn um jónsmessuleytið í vor, engin óminnissæla, enginn skógur. (bls. 125).

Þannig vegast á í sögunni draumar og þrár hins fátæka drengs og svo blákaldur veruleiki fátæktar, einangrunar og fásinnis. Sölumennirnir tveir hafa einnig í sér fólgna andstæður, annar þungbúinn og lokaður en hinn frjálslægur og skemmtilegur, annar selur guðsorð en hinn glingur, enda þótt báðir séu sömu loddararnir þegar allt kemur til alls. Þessar andstæður koma fram í útliti, rödd og öllu látbragði sölumannanna. Ágirnd og græðgi er fyrirferðarmikið þema í sögunni og kallast á við andstæðu sína, nægjustemi. Myndin af frelsaranum og Passíusálmarnir geta ekki komið í veg fyrir að strákurinn falli í freistni og kaupir glingrið sem hann þráir fyrir aleigu sína. Skyndilegt „ríkidæmi“ hans hefur smám saman spillandi áhrif á samband systkinanna, vekur upp öfund og ágirnd systurinnar og strákurinn fer að hegða sér eins og hver annar vondur kapítalisti þegar hann fer að stunda viðskipti við systurina og notar ríkidæmið til að láta hana vinna verkin sín. Sagan varar augljóslega við spillandi valdi peninga og allsnægta.



## Stjörnurnar í Konstantínópel

- Hvaða upplýsingar um tíma, sögusvið, sögumann og tilfinningar hans koma fram í fyrstu efnisgrein sögunnar? Hvaða vísbendingar koma fram í sögunni um ytri tíma hennar? Hver er innri tími sögunnar?
- Reynið að koma auga á hliðstæður með *Grasaferð* og *Stjörnunum í Konstantínópel*.
- Sagan speglar tvo ólíka heima. Sjáið þið einhverjar hliðstæður með „innrás heimsmenningarinnar“ í *Ósigri ítalska loftflotans* og í þessari sögu? Er háð í sögunni?
- Hvaða rök má færa fyrir því að gestirnir tveir séu fulltrúar ólíkra lífsviðhorfa? Takið eftir hvaða frásagnarbrögð höfundur notar til að undirstrika þessar andstæður. Eru gestirnir allir þar sem þeir eru séðir? Hvor þeirra er meiri hræsnari að ykkar mati?
- Hvar eru hvörfin í sögunni að ykkar mati og hvernig breytist sagan við þau?
- Komið þið auga á einhverja þjóðfélagsádeilu eða siðaboðskap í sögunni?
- *Græðgi - ágirnd - brostnar vonir - svik - einangrun - fátækt- hræsni*. Hvert eða hver þessara orða finnst ykkur komast næst þema sögunnar?

## Halldór Stefánsson (1892-1979)

Halldór Stefánsson, sem starfaði alla sína tíð sem bankamaður, má sannarlega kalla smásagnahöfund þar sem hann einbeitti sér nær eingöngu að því formi. Þessi sérkennilega saga var ekki eingöngu valin í safnið vegna hins einkennilega og allt að því óskiljanlega titils heldur einnig vegna þess hve hún fjallar um óvenjulegan og einstæðan atburð. Svo tengist hún einnig dýrasögum sem mynda fyrirferðarmikinn flokk íslenskra smásagna. Sagan felur ennfremur í sér hamskiptaminnið sem er gamalt minni úr bókmenntunum og skýtur upp kollinum hér með nokkuð sérstæðum hætti. Þetta tengist varúlfsminninu og minna má nemendur á að í íslenskum fornbókmenntum tengjast hamskipti gjarnan Óðni sem gat brugðið sér í dýrslíki (t.d. þegar hann náði skáldamiðinum af Gunnlöðu). *Hamskipti* Kafka eru frægt dæmi úr heimsbókmenntasögunni og nýlega kom út bókin *Gylting* eftir unga franska skáldkonu sem fjallar um konu sem breytist í svín. Hamskipti eru því sígilt minni í bókmenntunum og hafa víðtæka skírskotun. Sagan gerist í sjávarþorpi eins og langflestar smásögur Halldórs Stefánssonar en í einni sögu sinni, *Rétti*, lýsir hann sjávarþorpi á þessa leið:

Taka skal eina matskeið af mold, hella yfir hana nokkrum söltum tárur, hræra saman við einni lúku af öreigum og sjóða þangað til komin er í þetta hreppsnefnd, láta þá út í einn sóknarprest (sumir hafa lækni líka, en það er ekki eins nauðsynlegt). Síðan er glásin látin kólna, og settur ofan á hana, til skrauts, kaupmaður með nokkra aura, sem hann á ekki sjálfur, og rétturinn er tilbúinn. Þetta er ódýr réttur og fullur af bætiefnum, svo sem þrældómi, fyllirí, barneignum, guðsorði, gleði og sorgum, og yfirleitt öllu því, sem er í öðrum réttum, þó þeir séu finni, og heiti eitthvað merkilegra, til dæmis stórborg eða konungsríki.

Í *Sora í bráðinu* er að finna þessa uppskrift að einhverju leyti. Þar er a.m.k. eitt stykki prestur, eitt stykki kaupmaður og eitt stykki læknir. Hér vantar hins vegar „lúkuna af öreigum“ en það má velta því fyrir sér hvort hundurinn er ekki fulltrúi þess hóps í sögunni. Hinrik er þá tákn hinna grimmu valdhafa sem kúga og pynta alþýðuna eftir eigin geðþótta. Hann er nánast í sama hlutverki og fasistarnir í sögu Halldórs Laxness sem skemmtu sér við að „framleiða andateppu hjá nöktum svertingjum“ og ekki er laust við að Hinrik minni á dutlungafullan og grimman herforingja þegar hann er að leika sér að hundunum:

Að lokum var Hinrik kominn út úr félagsskap annarra barna og lék sér einvörðungu með seppunum. Og það var engu líkara en þeir teldu hann til síns flokks. Þeir óttuðust hann, en voru honum hlýðnir, hann var hinn mesti harðstjóri sem hlutaðist til um innbyrðis deilumál þeirra af óbilgirmi, hlynnti að einum í ástamálum en hindraði annan eftir eigin geði. (bls. 152)

Sagan gæti þá fjallað um uppreisn hinnar kúguðu alþýðu í anda þess félagslega raunsæis sem setti mark sitt á sögur Halldórs. Hundurinn rís upp í lokin og kemur fram réttlátri hefnd á kúgaranum. Sagan felur í sér sígilda ádeilu á mannlega grimmd og villimennsku. Grimmdin sem heltekur Hinrik í orðsins fyllstu merkingu minnir okkur á hve erfitt er að svæfa slíkar kenndir þegar þær hafa einu sinni verið vaktar. Þess vegna eru styrjaldir svo langvinnar og erfiðar og raun ber vitni. Maðurinn stendur a.m.k. jafn ráðþrota gagnvart ofbeldi og grimmd í veröldinni og presturinn og læknirinn í sögunni.

## Sori í bráðinu

- Takið eftir að í upphafi sögu er vísað í varúlfsminnið sem er þekkt sagnaminni. Sagan er augljóslega undir áhrifum þess. Drengurinn kemst í dýrslegan ham líkt og þegar menn breytast í varúlfa. Hvaða áhrifum nær höfundur fram með þessu? Er einhver skýring gefin á grimmd mannsins?
- Leikur drengjanna einkennist af múgæsingi. Þeir taka allir þátt í leiknum af mikilli innlifun. Vinir Hinriks skakka ekki leikinn heldur hvetja vin sinn þvert á móti til dáða. Hvernig ber að skilja það?
- Takið eftir að samúðin er með hundunum en ekki manninum. Hundarnir eru fórnarlömbin í þessum ljóta leik. Hvolpurinn sem hefnir sín í lokin er þó á valdi sömu hvata og Hinrik. Hvers vegna nýtur hann meiri samúðar en Hinrik?
- Hvað kemur fram í sögunni um þorpslífið? Takið eftir að hér koma við sögu prestur, kaupmaður og læknir. Hvernig manngerðir eru þeir? Er einhver fulltrúi alþýðunnar í sögunni? Takið eftir hvað Hinrik er mikill efnispiltur. Hvers vegna tekur höfundur það sérstaklega fram?
- Takið eftir vísdomsorðum læknisins bls. 154: „Þó við séum hin verstu rándýr, förum við flest eftir erfðavenjum sem skapast hafa á langri ævi mannkynsins. Við myrðum menn bæði í stríði og friði, svíkjum fjöðurlandið og höfum fé af náunganum ...“ Er hér e.t.v. kominn boðskapur sögunnar?
- Að hvaða leyti eru presturinn og læknirinn andstæður í sögunni? Hvor hefur sigur að leikslokum? Takið eftir að læknirinn er kallaður „huggarinn“ í lokaorðum sögunnar?

## Guðbergur Bergsson (1932)

Guðbergur Bergsson er einn mikilvirkasti rithöfundur þjóðarinnar á síðari helmingi þessarar aldar. Það var því nánast sjálfgefið að hafa eitthvað eftir hann í þessu safni enda þótt hann hafi ekki fengist mikið við smásagnaskrif. Sérkennilegur stíll hans og meinhæðni er ögrandi og vekur sterk viðbrögð hjá lesendum. Hann er fundvís á hið afbrigðilega en jafnframt slunginn í að gera hið hversdagslega afbrigðilegt. Hann ögrar viðteknum skoðunum og stríðir lesandanum miskunnarlaust.

Sögunnar um brúðurnar tvær voru valdar vegna þess að þær gefa ágæta hugmynd um þennan sérstæða stíl Guðbergs. Þær má einnig bera saman við ýmsar aðrar sögur í safninu því þær fjalla um tilfinningalega kúgun, sakleysi sem er svívirt og velta upp spurningum um kynjamun og kynhlutverk. Bakgrunnur fyrri sögunnar er uppreisn lýðræðissinna í Portúgal árið 1974 og má í því sambandi velta fyrir sér hliðstæðum við *Ósigur ítalska loftflotans* þar sem fasisminn fékk háðulega útreið. Þessi bakgrunnur magnar spennuna í andrúmslofti sögunnar en með sögunni er höfundur er augljóslega að segja fordómum og þröngsýni stríð á hendur. Í því stríði á hann þó ekki samherja meðal byltingarsinna því þegar hann lætur söguhetju sína stilla sér upp í miðjum hópi þeirra reynast þeir jafn forpokaðir og aðrir: „Aftur á móti gerðu nokkrir byltingarsinnar hróp að mér eins og það væri andbyltingarlegt að ganga með brúðu...“ (bls. 187).

Lykillinn að túlkun sögunnar er þó eflaust fólgin í niðurlagsorðum hennar:

... Það er svo margt sem leynist innra með brúðunum. Fáir vita hvað það er. Einhvern veginn er því samt ætlað það hlutverk að breyta heiminum, með boðskap sínum og leynd, með hinni sáru heift sem grípur sakleysið þegar það er svívirt af hinu fullorðna valdi og skilningsleysi.

Fjöl margar greinar og ritdómar hafa birst um bækur Guðbergs. Í *Ársriti Torfhildar 5*, 1991 er grein eftir Eirík Guðmundsson, „Einu sinni var maður sem...“ um smásagnasafnið *Maðurinn er myndavél*. Ennfremur má minna á viðtalsbók Þóru Kristínar Ásgeirsdóttur: *Guðbergur Bergsson metsölubók*, Forlagið, Rvk. 1992.

## **Brúðan**

- Hvaða kenndir vekja brúður yfirleitt?
- Finnst ykkur þær kenndir sem brúðan vekur í umhverfi sagnanna vera í samræmi við þessa ímynd?
- Takið eftir nákvæmri lýsingu á klæðnaði brúðunnar og hinum kynferðislegu tilvísunum sem þar eru fólgnar.
- Berið saman hvernig höfundur lýsir andliti og augnaráði brúðanna í sögunni. Hvað er líkt og hvað er ólíkt? Hvað tákna þessar lýsingar? Takið eftir lýsingu á andliti gamla mannsins í lokin. Á það eitthvað skylt við brúðuandlitin?
- Takið eftir að „hin brúðan“ er í raun aðeins augnalaus gríma. Hvað tákna grímur? Hvaða hlutverki gegna þær? Hvers vegna verður strákurinn að fela grímuna?
- Takið eftir lýsingunni á jarðarförinni og skírinni í lok sögunnar. Hér er barnshöfuð og lík í forgrunni, afinn grætur einu tári úr vinstra auga, börnin eru stillt eins og brúður. Sjáið þið eitthvað táknrænt við þessa lýsingu?
- Takið eftir hvaða sjúkdómur dregur frændann til dauða.

## Ásta Sigurðardóttir (1930-1972)

Ásta Sigurðardóttir var einn af fyrstu móðernistunum í smásagnagerð. Eftir hana liggur aðeins þó eitt smásagnasafn. Framlag hennar markaði þó spor í bókmenntasöguna og var nýstárlegt. Sögur hennar þóttu djarfar og hreinskilnar og vöktu neikvæð viðbrögð í upphafi. En þótt sögur Ástu væru nýstárlegar voru þær jafnframt nátengdar hinni raunsæju hefð þar sem hún deildi á stéttskiptingu, fátækt og fordóma samfélagsins. Sögur hennar eru gjarnan sagðar í 1. persónu og eru einlægar og beinskeyttar. Engu að síður eru persónur hennar gjarnan nafnlausar og ráfa um sögusviðið eins og á mörkum lífs og dauða. Sjálfsmynd þeirra er brotarkennd eða í upplausn. Söguþráðurinn hefur verið brotinn upp og sögurnar lýsa tilfinningum og ástandi fremur en atburðum. Hið nútímalega í sögum Ástu er einnig það að sögur hennar eru borgarsögur og í þeim hefur götustelpan tekið við af fátæku vinnukonunni í hlutverki hins forsmáða lítilmagna.

### Um Ástu Sigurðardóttur:

Matthías Viðar Sæmundsson: „Götustelpan“, *Myndir á sandi*, greinar um bókmenntir og menningarástand, Rvk. 1991.

Friðrika Benónýs: **Minn hlátur er sorg** - Ævisaga Ástu Sigurðardóttur. Rvk. 1992.

## Í hvaða vagni

- Hvað í þessari sögu minnir á sögu frá raunsæistímanum. Finnið t.d. hliðstæður með þessari sögu og *Vonum*. Er frásagnaraðferðin svipuð? Takið eftir nákvæmninni í lýsingum, hvernig höfundur notar andstæður til að skerpa lýsingar á umhverfi og aðstæðum. Takið t.d. eftir nákvæmum lýsingum á svipbrigðum og klæðaburði kvennanna. Finnið dæmi.
- Persónurnar í sögunni segja fátt en láta augnaráð, hreyfingar og svipbrigði ráða eins og í þögulli kvikmynd. Finnið dæmi. Sagan er öll í óbeinni ræðu. Finnið dæmi um beina ræðu í sögunni.
- Hvað táknar lýsingin á hjólaskautiferðinni á bls. 168?
- Hvernig endurspeglar sagan þá formbyltingu sem móðernistar stóðu fyrir?
- Að hvaða leyti er sagan hliðstæð sögu Ólafar frá Hlöðum og að hvaða leyti er hún ólík?
- Takið eftir myndmáli sögunnar. Finnið viðlíkingar í sögunni.
- Hvað í sögunni er undir áhrifum félagslegs raunsæis?

**Svava Jakobsdóttir (1930)**

Frásagnarlist Svövu hefur verið kennd við töfraraunsæi en hún hefur einnig eigindir sem einkenna móðerníska sagnalist, táknsæi, uppbot söguþráðar og myndvísi. Þetta er þó aðeins ytri búningur því sögur Svövu hafa oftast nær skýran og einfaldan boðskap. Svava er talin vera fyrst íslenskra rithöfundar til að skrifa um vandamál nútímakonunnar. Í viðtali við Friðu Á. Sigurðardóttur árið 1970 gerir Svava stuttlega grein fyrir sögum sínum og markmiðum og segir m.a. að íslenskir rithöfundar geri sér ekki raunhæfa mynd af högum kvenna og vilji halda í hina eilífu kvenímynd af því að það sé svo miklu þægilegra. Hún varar hins vegar við því að setja konur í þá aðstöðu að eiga allt sitt undir tilfinningum annarra og svipta þær þannig sjálfsvitundinni. En þannig eru einmitt aðstæður konunnar í sögunni *Kona með spegil*, hún hefur verið svipt sjálfsmýnd sinni (speglinum) og er að grafa sig lifandi í nýbyggðu einbýlishúsi. Í viðtalinu frá 1970 gagnrýnir Svava m.a. húsbyggingaráratu Reykvíkinga og telur að hún eigi þátt í að viðhalda hinu hefðbundna kvenhlutverki: „Það hvernig húsið, heimilið, var orðið að sálhjálpatriði, sem hefur svo það í för með sér, að konan festist æ meira í sínu hefðbundna hlutverki. Konan er eiginlega grafin í húsinu, hún verður tákn hússins og þjónustar við eldavélina eins og æðsti prestur fyrir altari.“ (Mímir 15, 1970 bls.49)

Stefnulaust ráf konunnar í sögunni gæti táknað leit hennar að sjálfsmýnd og það er einnig táknrænt að lögreglan skuli að lokum koma henni til síns heima og svipta hana speglinum.

**Skrif um Svövu:**

Í *Skírni* 1968 er t.d. ritdómur Njarðar P. Njarðvík um smásagnasafnið *Veisla undir grjóttvegg*.



## Kona með spegil

- Hvað táknar spegillinn í sögunni? Hvað á hann að spegla og hvers vegna er konan óánægð með hann? Veltið fyrir ykkur hvaða táknræna merking er fólgin í speglum almennt.
- Hvers vegna er lagt svona mikið í lýsingu á útihurðinni?
- Takið t.d. eftir lýsingunum á götunum á hurðinni? Hvaða táknræn merking er fólgin í þessu?
- Takið vel eftir fólkinu í strætisvagninum. Hvernig bregst það við konunni? Hvers vegna er fólkið svona afskræmt?
- Konan er að skapa sína harðlæstu veröld. Þessi sköpunarsaga hefur vísanir í sköpunarsögu Biblíunnar. Flettið upp í fyrstu Mósebók og finnið þessar vísanir.
- Einmanaleiki, tilvistarangist, fíring, sundruð sjálfsmynd eru orð sem gjarnan eru notuð til að lýsa aðstæðum nútímamannsins. Að hvaða leyti eiga þessi orð við aðstæður konunnar í sögunni?
- Berið saman *Konu með spegil* og *Í hvaða vagni*. Skoðið frásagnaraðferð, myndmál og lýsingar. Finnst ykkur ríkja svipað andrúmsloft í þessum sögum? Hvers konar hugarástandi lýsa þær? Hvað er líkt með þessum sögum? Af hverju eru konurnar í sögunum svona ófullnægðar?
- Takið eftir framkomu karlmannna gagnvart konunni í sögunni. Hvað er athugasvert við hana?
- Finnið vísbendingar í sögunni sem gefa til kynna að sagan sé ádeila á samfélagslegt hlutskipti kvenna.

### **Þórarinn Eldjárn (1949)**

Þórarinn Eldjárn er ágætur fulltrúi þeirrar kynslóðar sem kennd hefur verið við árið 1968. Þessi saga birtist í fyrsta smásagnasafni Þórarins sem kom út árið 1981. Þórarinn er jafnvígur á ljóð, smásögur, skáldsögur og barnabækur. Fortíðin er Þórarni hugleikið viðfangsefni og óþrjótandi uppspretta efnis og frásagnarstíls. Sagan gefur hugmynd um þann ísmeygilega húmor sem Þórarinn er þekktur fyrir, leiftrandi hugmyndaflug hans og þá aðferð að umbylta og endurnýta gamlar bókmenntaklisjur. Þannig vinnur hann úr hefðinni á nýstárlegan og skapandi hátt. Í þessari sögu slær saman tveimur gömlum sagnamínum; annars vegar hinni sérkennilegu þjóðsögu af tilbera og tilberamæðrum og hins vegar klassískri hernámssögu um saklausa sveitastúlku sem lendir í ástandinu. Hér er líka gefin mynd af upplausn sveitanna og þeim menningarárekstrum sem flutningur úr sveit í borg hafði í för með sér.

Í tengslum við þessa sögu er auðvitað nauðsynlegt að kynna nemendum þjóðsöguna um tilbera, annaðhvort að lesa hana upp eða dreifa henni á sérstöku blaði. Í þjóðsagnasafninu *Bergmáli* eru tvær útgáfur af þessari sögu og læt ég þær fylgja hér með. Íslenska sjónvarpið gerði mynd út frá þessari sögu og er gaman að sýna nemendum myndræna útfærslu á smásögunni og láta þá vinna verkefni í tengslum við það þar sem ólík form eru borin saman.

### **Af snökkum og tilberum**

Snakkar og tilberar eru einsháttar sendingar og standa í líkt nánu sambandi við uppvakninga sem útburðir við afturgöngur. Snakkur er þannig framleiddur að maður tekur mannslegg úr helgaðri mold í kirkjugarði og geymir á beru brjósti sér, er svo til altaris og spýtir helguðu messuvíni í barm sér á snakkinn, eigi sjaldnar en þrisvar. Lifnar hann þá við og er síðan magnaður með fjölkynngi og sendur til fáfanga. Hann sýnist líkastur vefjarspólu og því vel lagaður til veltu. Var hann og jafnan sendur eftir því er hann gat vafið upp á sig og valt svo heim með það. Hann þótti þarfari húsbændum og nágrönnum þegar ull og hey lágu undir.

Tilberi átti svipaðan uppruna og munaði einungis því að þá var tekið mannsrif í helgri mold og farið eins með það uns það lifnaði á sama hátt af helguðu víni, töfrum og kynngi. Hann var mjólangur sem rif og því ólíkur snakki í lögun, enda ætlaður aðallega til að sjúga málnytupening nágranna og færa heim í sér húsbændum sínum. Gubbaði hann því venjulega inn um búrglugga í ílát. Þegar hann kom aðvaraði hann húsfreyju með þessum orðum: „Fullur beli, mamma.“ Svaraði hún þá: „láttu þá lossa, sonur“ eða: „Gubbaðu í strokkinn, strákur.“ Sjaldan skorti þá húsfreyju smjör en ætíð þótti það glypjulegt og varð að froðu ef gert var yfir því eða í það krossmark. Þær konur sem héldu þessa þjóna tóku sér blóð innan lærs, vöfðu tilberanum um mitti sér og létu hann sjúga sárið. Þær voru nefndar tilberamæður og voru jafnan ærið ótútlegar að sjá.

### **Sterki Björn eltir tilbera á hesti**

Á síðustu öldinni bjó að Nefbjarnarstöðum í Hróarstungu Björn Rustikusson, af sumum kallaður sterki Björn því hann þótti harðstyrkur og fylginn sér. Það er sögn að með þeim Hans Wium sýslumanni, er þá hélt hluta af Múlasýslu, væri krytur nokkur, enda voru báðir harðskiptnir.

Það var einn sumardag að nyt tók af ám Bjarnar og grunaði hann margt. Þá bar svo til einn dag að hann fór að smala ám sínum. Sér hann þá að tilberaskolli fer af á á og leggst svo yfir malir þeirrar og sýgur með báðum endum. Birni varð hverft og illa við þetta. Hann nær þá bráðólmum hesti og ríður að tilberanum. Hann hefir á rás með feikna hraða og smýgur aðra þúfuna upp í loft en stekkur hina á grúfu. Björn vill víst eigi minni verða og pískar klárinn. En déskotans tilberinn þaut eins og hendiveifa holt, hæðir, mýrar, forir og flóa fram alla Hróarstungu. Björn herti á klárnum svo að hvorki dró í sundur né saman. Þetta létu þeir ganga upp fellin og ekki batnaði þegar kom í Fljótsdalinn þar sem vegir voru svo góðir. Ærðist nú tilberinn áfram og Björn hljóp á eftir tilberanum heim á hlað. Var frúin úti og þaut tilberinn upp undir hana. Björn snaraði þegjandi að henni pilsin. Í því kom sýslumaður og fékk Björn til að sleppa frúnni. Fékk honum 40 dali til sátta og truntu heim aftur. Björn kærði eigi frúna, enda sendi hún eigi tilbera aftur að sjúga ær hans.

## Tilbury

- Skoðið frásagnarhátt sögunnar. Hver er sögumaður og hvað fáum við að vita um hann?
- Takið eftir stíl sögumanns. Hvað finnst ykkur einkenna hann? Gefur stíllinn einhverja hugmynd um þá persónu sem heldur á pennanum?
- Takið eftir hvernig höfundur umsnýr nöfnum og örnefnum. Hvaða tilgangi þjónar það?
- Hvernig manngerð er Guðrún Innes og hvað á hún skylt við Helgu í *Vonum* og stúlkuna í sögunni *Í hvaða vagni*?
- Skoðið hvaða mynd sagan birtir af fólksflutningum og berið saman við *Vonir*. Hvers vegna fer sögumaður til Reykjavíkur og hvernig reiðir honum af?
- Lesið þjóðsöguna af tilbera og snakki og finnið ýmis smáatriði sem eru hliðstæð og skýra sérkennilegt athæfi Guðrúnar.
- Takið eftir lýsingunni á Major Tilbury og athæfi hans bls. 203, 206, 207 og 209 og berið saman við lýsinguna á tilbera þjóðsagnanna. Hvað er líkt? Takið eftir smjörinu sem Guðrún ber á borð.
- Hvernig ber að skilja orð Guðrúnar um að Tilbury skaffi betur en aðrir? Gefa þau vísbendingu um hugarfarsbreytingu í kjölfar hernáms?

### **Einar Kárason (1955)**

Einar Kárason er þekktur af „Eyjabókum“ sínum og nemendur eru yfirleitt gjörkunnugir þeim vegna nýlegrar kvikmyndar sem gerð var eftir þeim bókum. Einar hefur einnig fengist talsvert við smásagnagerð og gefur þessi saga góða mynd af harðsoðnum, knöppum og hlutlægum stíl Einars sem á sér rætur í gamalli íslenskri frásagnarhefð. Hér er á ferðinni saga sem fjallar um snúin fjölskyldutengsl og erfitt barnsfaðernismál en slíkur efniviður á sér gamlar rætur í sagnahefðinni. Þessi saga hefur t.d. bæði í sér fóligna Biblíuvísun og vísun í Ödipusarminnið. Hér drepur sonurinn að vísu ekki föður sinn eins og í harmleiknum gríska en leggur þó að lokum líf hans í rúst. Sagan vísar einnig í ýmsar aðrar sögur safnsins, t.d. *Móður snillingsins*. Söguna af týnda syninum í Lúkasi 15:11 er tilvalið að rifja upp með nemendum. Þar er sagt frá tveimur sonum. Sá yngri fær fyrirframgreiddan arf, yfirgefur föðurhús og sóar fé sínu en sá eldri vinnur áfram á búi föður síns. Þegar sá yngri gjörir iðrun og snýr aftur til föðurhúsanna efnir faðirinn til mikillar veislu syni sínum til heiðurs. Sá eldri fyllist þá afbrýðisemi vegna þess að honum hefur aldrei verið haldin slík veisla. Börn Halls Guðmundssonar fyllast samskonar öfund þegar meintur sonur skýtur skyndilega upp kalli og rænir þau nánast föður sínum. Eftir sitja tvær fjölskyldur í upplausn og lesandi spyr sig að lokum hvort ekki hefði verið betra fyrir Úlf að lifa áfram í óvissu um faðerni sitt en fara af stað í svo sársaukafulla sannleiksleit.

#### **Fjölskylda Halls:**

Hallur Guðmundsson - ónefnd eiginkona

Tveir synir og ein dóttir (yngst)

Elsti sonurinn er sögumaður og hann er hálfu ári eldri en Úlfur.

#### **Fjölskylda Úlfs:**

Aldís og Grímur

Úlfur Grímsson og fjögur önnur systkini - Úlfur er næstelstur

Eftirfarandi verkefni eru tilvalin heimaverkefni eða tímaverkefni og krefjast ekki mikilla þælinga.

## Glataður sonur

- Hver er sögumaður?
- Lýsið breytingunni sem verður á Grími eftir að Úlfur kemur til sögunnar.
- Hver er staða Gríms í sögulok?
- Hér er hægt að tala um að syndir feðranna komi niður á börnunum. Hver er syndugur í þessu tilviki?
- Hvað í þessari sögu minnir á *Móður snillingsins*?

### **Kristín Ómarsdóttir (f. 1962)**

Kristín Ómarsdóttir tilheyrir sömu kynslóð og Sjón og Gyrðir Elíasson. Það er gaman að velta fyrir sér hvað sameinar þessa þrjá höfunda og hvað greinir þá að. Sjón er eins konar sjónhverfingamaður í list sinni. Gyrðir er öllu jarðbundnari og alvarlegri þó að ýmsar furður gerist í sögum hans. Stíll þeirra beggja er vandlega ígrundaður og þeir nostra talsvert við myndir og form. Stíll Kristínar er einfaldari en ögrar lesanda talsvert með því. Sögur Kristínar eru á mörkum ljóðs og sögu og þær hafa í sér fólgin áhrif frá ævintýrum og dæmisögum. Þær gerast á tilfinningasviðinu og lýsa gjarnan einmanaleika, sambandsleysi en einnig erótískum löngunum og þrám.

## Lögregluþjónninn

- Skiptir máli fyrir áhrif sögunnar að aðalpersónan er lögregluþjónn?
- Hér er fjallað um tilfinningalega bældan karlmann. Hvers eðlis er þjáning hans? Hvaða sögur í safninu fjalla um skylt efni?
- Á hvern hátt ögrar sagan viðteknum hugmyndum um kynhlutverk?
- Einangrun og einmanaleiki lögregluþjónsins er algjör. Hann hefur misst öll tengsl og er utangátta enda þótt hann sé umvafinn kvenfólki. Sjáið þið einhvern boðskap í sögunni?
- Sjáið þið einhver líkindi með þessari sögu og sögunni *Í hvaða vagni?*
- Skoðið stíl sögunnar og veltið fyrir ykkur hvaða áhrif nást fram með stílnum. Hvaða önnur saga í safninu finnst ykkur líkust þessari í stíl?



### Sjón (Sigurjón Birgir Sigurðsson) (1962)

Sjón er fulltrúi þeirrar listastefnu sem á rætur að tekja til Frakklands á 3. áratugnum og kennd hefur verið við súrrealisma. André Breton setti fram stefnumið súrrealista árið 1924 þar sem sameining draums og veruleika í einhvers konar yfirraunveruleika var markmiðið. „Súrrealisti er sá sem virkjar dulvitund sína - hið hvatræna, ósjálfráða, erótíska - sá sem brýtur af sér höft borgaralegs samfélags.“ (Matthías Viðar Sæmundsson: „Hálf öld í líki hákarls“, *Myndir á sandi*. Rvk. 1991, bls. 111). Halldór Laxness varð fyrir áhrifum af súrrealisma í upphafi ferils síns og koma þau áhrif m.a. fram í *Vefaranum mikla frá Kasmír*. Áhrifa súrrealisma sér víða stað í verkum módernískra höfunda en á 9. áratugnum stofnaði Sjón ásamt nokkrum félögum sínum súrrealistahópinn Medúsu. Sjón hefur hingað til aðallega fengist við ljóðagerð og skáldsögur. Súrrealískur texti einkennist af fjarstæðukenndu myndmáli þar sem draumur og veruleiki renna saman í eitt og fegurðarskyni og siðferðisvitund lesanda er ögrað. Saga Sjóns hefur allt þetta til að bera enda þótt form sögunnar sé í hefðbundnum raunsæisstíl þar sem söguþráðurinn er vandlega ofinn og mikið lagt upp úr nákvæmum ytri lýsingum.

Í tengslum við söguna er nauðsynlegt að segja nemendum frá Baader-Meinhof hryðjuverkasamtökunum. Hægt er að finna blaðaljósmyndir og fréttir frá þessum tíma til að sýna nemendum. Einnig má bend þeim á skyldleika tilberans við kuklið í þessari sögu og vafalsut geta skapast ýmsar umræður um það og kannski mætti tengja þetta varúlfsminninu í *Sora í bráðinu* og ýmsum átrúnaði í tengslum við varúlfa. Hér má einnig minna á valkyrjur og hlutverk þeirra í goðsögnum og einnig má ræða um áhrif frá hrollvekjum í þessari sögu. Einnig er tilvalið að benda nemendum á vísun í söguna af Moby Dick.

## Undir vængjum valkyrjunnar

- Finnið hliðstæður í frásagnarhætti og efni með þessari sögu og *Móður snillingsins* og *Tilbury*. Rifjið upp þjóðsöguna um tilberann og finnið líkindi í þessari sögu.
- Hvaða upplýsingar koma fram um sögumanninn?
- Hér er lýst sérkennilegum ástarþríhyrningi. Hvað er fjarstæðukennt við þessa ástarsögu? Hvaða aðferð notar höfundur til að gera söguna trúverðuga?
- Takið eftir hvernig draumur og veruleiki renna saman. Þetta er eitt megineinkenni súrrealískra bókmennta. Finnið dæmi um súrrealisma í sögunni.
- Sjáið þið súrrealísk áhrif í sögum Svövu Jakobsdóttur og Guðbergs Bergssonar? Finnið dæmi.

## Gyrðir Elíasson (f. 1962)

Gyrðir Elíasson tilheyrir þeirri kynslóð skálda sem hösluðu sér völl á 9. áratugnum. Gyrðir hefur sérstæðan, fágaðan stíl sem á sér rætur í raunsæishefðinni en er þó afar nýstárlegur. Sögur hans eru einlæggar og alvarlegar, það er talsverð fortíðarþrá í þeim og þar er leikið með mörk draums og veruleika, lífs og dauða. Í sögunum ríkir tímaleysi enda þótt sagan og forgengileiki lífsins séu höfundu hugstæð. *Frá Snæfellsnesi* er gott dæmi um frásagnarstíl Gyrðis. Hér hefur söguþráðurinn ekkert gildi, náttúran er í forgrunni og vísanir í fortíðina og söguna eru á hverju strái.

Í sögunni ríkir kyrrlát stemmning, nánast þögn og höfundur magnar andrúmsloftið með fáum en áhrifaríkum brögðum. Í tengslum við söguna er nauðsynlegt að kynna fyrir nemendum þjóðsöguna af Axlar-Birni og segja þeim frá föður vísindaskáldsagnanna, Jules Verne og skrifum hans, ekki síst bókinni *Leynardómar Snæfellsjökuls*. (Nemendur hafa stungið upp á að grænklæddi maðurinn í sögunni sé Jules Verne sjálfur að leiða sögumanninn á vit leyndardóma jökulsins!) Eitthvað minnir hann líka á manninn með ljáinn og svo má benda á að guð skáldskapar og visku, Óðinn, átti það til að birtast sem kufklæddur maður og þekktist á því að hann var eineygður. Þessi maður hefur einkennilega dökk gleraugu þannig að augun sjást ekki! Einhverjum kynni líka að detta í hug að hér væri Axlar-Björn sjálfur lifandi kominn! Það má hins vegar róa nemendur með því að sögumaður er augljóslega sprelllifandi í lok sögunnar þegar hann segir: „Ég hef engum sagt þetta fyrr.“

Um verk Gyrðis hafa verið skrifaði fjölmargir ritdómar. Góð lýsing á aðferð hans og verkum er í eftirmála Kristjáns B. Jónassonar að sagnaúrvalinu *Trésmíði í eilífðinni*, Rvk. 1998.

## Frá Snæfellsnesi

- Takið eftir litanotkun í frásögninni. Hvaða liti notar höfundur helst?
- Sjáið þið einhverjar vísanir í sögunni? Hvers vegna er klifað á bænum Öxl? Skiptir það máli fyrir andrúmsloft sögunnar?
- Hvaða tilfinning er ríkjandi í sögunni? Hvernig fer höfundurinn að því að skapa hið dularfulla andrúmsloft sögunnar?
- Hver er söguþráðurinn?
- Hvað fáum við að vita um sögumanninn?
- Hvaða hlutverki gegnir kötturinn í sögunni?
- Sagan heitir *Frá Snæfellsnesi*. Hefði hún ekki alveg eins getað heitið Frá Reykjanesi eða Frá Seltjarnarnesi? Hvað hefur Snæfellsnes sem hin nesin hafa ekki? Kemur þessi sérstaða fram í sögunni?
- Hver er dularfulli maðurinn í sögunni?